



SKOÐUN Nota verður tungumál á sem flestum sviðum svo þau deyi ekki skrifar Guðmundur Andri. **13**



MENNING Arnór Sveinsson ákvað að hætta á sjó og gerast jógakennari þegar vinnufélagi lést af slysförum. **30**



SPORT Lars Lagerbäck telur möguleika Íslands gegn Króatíu annað kvöld góða. **24**



Whirlpool
PVOTTAVÉLAR

Heimilistæki ht.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

18. nóvember 2013
271. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Lög í eigin hendur

Grjót af vörubíspöllum getur valdið skaða á bílum, en erfitt er að sækja bætur til tryggingafélaga. Ökumenn þurfa að elta uppi brotlega bílstjóra og fá þá til að staðfesta brot. **2**

Óvænt úrslit Halldór Halldórsson vann prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík nokkuð óvænt. Óánægja er með hlut kvenna í prófkjörinu. **4**

Spilla æskulýð Rússneskt dagblað er sakað um að spilla æskulýð með viðtali við samkynhneigðan mann. **8**

Ráðist að heilsuhæli Bæjarstjórn Hveragerðis segir vanþekkingu á heilsustofnun í fjárlögum. **10**



Bolungarvík	-4°	V	6
Akureyri	-4°	SV	4
Egilsstaðir	-7°	NV	5
Kirkjubæjarkl.	-7°	NV	6
Reykjavík	-2°	NV	4

Kólnar Í dag ríka NV- og V-áttir, yfirleitt 3-10 m/s. Bjart með köflum sunnan og vestan til, léttir til austanlands síðdegis en stöku el norðan til. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



Nýliðun lækna er hverfandi

Engin endurnýjun hefur orðið í hópi sjálfstætt starfandi sérfræðilækna í fimm ár. Þriðjungur læknisverka er unninn af læknum yfir sextugt, 15% meira en 2007. Efast er um að hærri laun dugi til að fá lækna heim.

HEILBRIGÐISMÁL Meðalaldur sjálfstætt starfandi sérfræðilækna hefur hækkað um fimm ár á jafnmörgum árum. Þetta þýðir á mannamáli að í þessum hópi lækna hefur engin endurnýjun orðið og staðan er að verða grafalvarleg, segir Kristján Guðmundsson, háls-, nef- og eyrnalæknir. Sömu sögu er að segja um heilsugæslu- og sjúkráhuslækna, að kalla má.

Kristján hefur skoðað aldurs-samsetningu sjálfstætt starfandi sérfræðilækna árin 2007 til 2012 en niðurstöður sínar birti hann í nýjasta tölublaði Læknablaðsins.

Kristján sýnir fram á að í lok síðasta árs var þriðjungur læknisverka unninn af læknum sem eru 60 ára og eldri. Fimm árum fyrr

var hlutfallið aðeins 19%. Þegar hin hliðin á peningnum er skoðuð kemur það sama í ljós. Árið 2007 voru 42 prósent starfseminnar á hendi lækna 49 ára og yngri en þetta hlutfall er dottið niður í 25 prósent í lok tímabilsins. Innan við prósent læknisverka er nú unnið af sérfræðilæknum innan við fertugt en var á sjötta prósent árið 2007.

Þessi þróun er reyndar fjarri því að vera bundin við hóp sjálfstætt starfandi sérfræðinga. Gögn Læknafélags Íslands sýna að meðalaldur heilsugæslulækna hefur á sama tímabili farið úr 50 árum í 54 ár og sjúkráhuslækna úr 49 í 52 ár.

„Þessi þróun er grafalvarleg, hvernig sem á hana er litið,“

segir Kristján. „Hvað þetta þýðir nákvæmlega er mjög erfitt að spá fyrir um. En ég er ekki sannfærður um að launin segi hér alla söguna. Ég er ekki viss um að lækna komi heim fyrir eitthvað betri laun. Ég efast um að það dugi.“

Kristján nefnir að ungir lækna tilheyri kynslóð sem hugsí á öðrum nótum en þeir sem eru að ljúka starfsævi sinni. Laun séu eitt, en hafa verði í huga að umgjörðin, bæði í samfélaginu og á vinnustaðnum, skipti ekki minna máli. „Það hefur verið neikvæðni í kringum spítalana, menn þekja líka að tækjakostur þeirra er ófullnægjandi. Þetta eru atriði sem skipta miklu máli,“ segir Kristján.

Aldur lækna

Aldur	2007	2012
<40	5,2	11,8
40-44	9,9	11,8
45-49	27,1	11,9
50-54	17,3	26,3
55-59	21,8	15,8
60-64	10,3	19,2
65-69	5,7	9,1
70+	2,7	4,8

[prósentum]

Um 340 lækna sinna sérfræðilækningum hérlendis, en sá fjöldi hefur verið nær óbreyttur um árabil. Af þeim vinna 200 lækna hlutastörf á heilbrigðisstofnunum. Lækna sem starfa á Íslandi eru um 1.200 talsins. - sh



GLÍMT TIL SIGURS Íslandsmótið í brasilísku jiu jitsu fór fram í Mjölni um helgina og var þetta fjölmennasta Íslandsmót sem haldið hefur verið í greininni til þessa. „Þessi íþrótt er virkilega að springa út. Velgengni Gunnars Nelssonar skiptir miklu máli en líka sú staðreynd að allir geta stundað brasilísku jiu jitsu,“ segir Pétur Marel Gestsson, formaður BJJ sambands Íslands. Á myndinni má sjá Daða Stein Brynjólfsson og Pétur Jónsson í miðri glímu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Króatinn Darri Miljevic: Snýr aftur með þrjá tengdasyni

ÍÞRÓTTIR „Ég var nítján ára þegar ég mætti á þennan flugvöll og flaug til Íslands. Síðan eru liðin 42 ár,“ sagði Darri Stanko Miljevic við komuna til Zagreb í gærkvöldi. Í för með Darra voru þrjú tengdasynir hans. Þeir sögðu ekkert annað hafa komið til greina en að fylgja Darra á leikinn.



DARRI STANKO MILJEVIC

„Eftir 42 ár á Íslandi er ég meiri Íslendingur en Króati,“ sagði Darri, sem var ekki í nokkrum vafa um hvort liðið hann mun styðja.

Darri á tvo bræður í Króatíu sem mæta þó ekki á leikinn. Darri er því feginn þar sem hann vildi ekki þurfa að sitja með þeim hjá króatískum stuðningsmönnum.

„Ég vil sitja Íslandsmegin,“ sagði Darri. - ktd / sjá síðu 6

Lögreglan eyddi hundruðum þúsunda í áfengi og „einkastundir“ á VIP Club:

Lokað vegna gruns um vændi

LÖGREGLUMÁL Lögreglan sendi óeinkennisklædda lögregluþjóna á skemmtistaðinn VIP Club í Austurstræti í september síðastliðnum vegna gruns um að þar væri stundað milliganga um vændi.

Í lögregluskýrslu sem Fréttablaðið hefur undir höndum er greint frá þessari aðgerð lögregluunnar. Ljóst er af skýrslunni að lögreglan hefur eytt hundruðum þúsunda við rannsóknaraðgerðir sínar á staðnum við kaup á áfengi og stundum í næði með starfsstúlkum staðarins.

Í skýrslunni kemur einnig fram að lögregluþjónunum var boðið upp á nektardans inni á staðnum sem og vændi, en það væri þó ekki stundað á staðnum sjálfum. Nekt-

ardans er bannaður með lögum, svo og milliganga um vændi.

VIP Club var upphaflega lokað á fimmtudag vegna útrunnins bráðabirgðarekstrarleyfis. Eigendur staðarins opnuðu staðinn þrátt fyrir það á nýjan leik á föstudag og fór því tuttugu manna lögreglu liðið á staðinn og lokaði klúbbnum.

Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson, lögmaður eigenda staðarins, sakar lögregluna um valdníðslu í aðgerðum hennar. „Um er að ræða ásakanir um refsiverða háttsemi sem enginn fótur er fyrir. Allir umsagnaradilar hafa gefið þessari starfsemi jákvæða umsögn, samt telur lögreglustjóri það upp hjá sjálfum sér að veita ekki rekstrarleyfi. Það er heldur engin heimild fyrir því að lögreglan beiti tál-



Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson lögmaður eigenda VIP Club.

„Þetta er hrein og klár valdníðsla sem sést best á því að enginn hefur verið handtekinn.“

beitum til að koma í veg fyrir að einhver veitingastaður fái rekstrarleyfi. Þetta er hrein og klár valdníðsla sem sést best á því að enginn hefur verið handtekinn í tengslum við þetta mál,“ segir Vilhjálmur í samtali við Fréttablaðið. - fbj

Íbúfen®

400 mg, 30 stk og 400 mg, 50 stk



Actavis

GJAFABRÉF Í ÚRVALI

Gefðu ávísun á góða heilsu í jólagjöf



World Class ICELAND

LAGARSPA

SPURNING DAGSINS



Andrés, er ekki allt þetta fína frá Kína?

„Jú, svo lengi sem það kemur ófalsað.“ Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, segir ástæðu til að hafa áhyggjur af auknum innflutningi á vörum sem seldar eru á sölusíðum á borð við Aliexpress.

Samtök höfundarréttshafa á Íslandi leggja lögbannsmál fyrir héraðsdóm:

Stefna fjarskiptafyrirtækjum

DÓMSMÁL Fjögur samtök höfundarréttshafa á Íslandi, SMÁÍS, STEF, SÍK og Félag hljómplötuframleiðenda, hafa stefnt fimm fjarskiptafyrirtækjum vegna lögbannskröfu á skráarskiptasiðunum.

Málin verða þingfest fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í dag en fyrirtækin eru Síminn, Vodafone, Tal, Hringdu og 365 miðlar.

Sýslumaðurinn í Reykjavík synjaði í október lögbannskröfu réttshafasamtakanna þess efnis að fyrirtækin lokuðu fyrir aðgang að

skráarskiptisíðunum Deildu.net og PirateBay.

Sýslumaður taldi að samtökin ættu að höfða skaðabótamál fyrir dómstólum á hendur vefjunum, enda hafi þeir verið starfræktir um nokkra hróð.

Krafa réttshafasamtakanna fyrir dómi er sú að synjun sýslumanns verði ógilt og lagt fyrir sýslu-

mann að leggja lögbann á síðurnar. Í lögbannskröfunni var lagt til að lokað yrði á alla internetumferð viðskiptavina til og frá þeim netþjónum sem hýsa umræddar vefsíður.

- fbj



THE PIRATE BAY OG DEILDU.NET Þær skráarskiptasiður sem mest eru notaðar við ólöglegt niðurhal.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Verður rifin í brotajárn: Fernanda flutt til Njarðvíkur

UMHVERFISMÁL Flutningaskipið Fernanda hefur verið fært til Njarðvíkur þar sem það verður rífið. Dráttarbáturinn Magni lagði af stað með skipið í togi klukkan ellefu í gærmorgun og lagði upp að höfn í Njarðvík um fjögur leytið síðdegis.

Starfsmenn skipaþjónustu Íslands hafa undanfarna daga unnið að því að dæla sjó og sora úr Fernöndu, en skipið hefur legið í Grundartangahöfn síðustu daga.

- þþ



FLUGSÝNINGIN Í DUBAI Margs konar flugvélar mátti sjá á sýningunni, meðal annars herflugvél frá flugher Sameinuðu arabísku furstadæmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Stór byrjun hjá Boeing á flugsýningunni í Dubai:

Stærstu félögin panta Boeing

SAMGÖNGUR Flugsýningin Dubai Air Show hófst í gær og hafa þrjú stærstu flugfélögin í Mið austurlöndum pantað nýjustu vél Boeing-framleiðandans, 777X.

Boeing staðfesti að flugfélagið Emirates hefur fallist á að kaupa 150 slíkar vélar og mögulega 50 til viðbótar. Þá mun félagið Etihad Airways kaupa 25 vélar og Qatar Airways hafa gert samkomulag um kaup á 50 vélum.

Forstjóri Boeing, Jim McNERNEY, segir að þetta sé stærsta byrjunin í sögu farþegaþotu sem fyrirtækið hefur framleitt.

- fbj

Doris Lessing látin:

Skrifaði höfuðrit femínista

BRETLAND Breski rithöfundurinn og Nóbelsverðlaunahafinn Doris Lessing lést í gær 94 ára að aldri. Hún hlaut Nóbelsverðlaunin í bókmenntum 2007. Lessing er þekktust fyrir bókina Grasið syngur sem fjallar um kynþáttafordóma í Afríku. Bók hennar, Gullna stílabókin, þykir eitt af höfuðritum nútíma femínisma. Nokkrar bækur hennar hafa verið þýddar á íslensku. Hún heimsótti Ísland á Listahátíð í Reykjavík árið 1986. -sb



DORIS LESSING

Skýrsla Amnesty um HM:

Gagnrýna aðbúnað í Katar

KATAR Samtökin Amnesty International gagnrýna í nýrri skýrslu slæma meðferð á farandverkamönnum í Katar. Í skýrslunni segir að þar sé stundað nútíma þrælahald í tengslum við mannvirkjagerð vegna heimsmeistaramótsins í knattspyrnu sem á að fara fram í landinu árið 2022. Samtökin gagnrýna meðal annars slæman aðbúnað og lág laun verkamanna. -hg

LEIÐRÉTT

Röng mynd birtist með leikdómi Evu Guðrúnar Gunnbjörnsdóttur um sýningu Stúdentaléikhússins í helgarblaðinu. Beðist er velvirðingar á því.

Maður á að taka lögin í eigin hendur

Eigandi jeppabifreiðar sem skemmdist af grjótkasti segir að það sé engu líkara en tryggingafélög verðlauni vörubílstjóra sem nota ekki yfirbreiðslur. Tryggingafélög segja að mál þar sem bifreiðar skemmast af völdum grjótkasts geti verið snúin.

NEYTENDUR „Tryggingafélögin ætlast til þess að maður taki lögin í eigin hendur. Maður á að elta þessa menn uppi og stöðva þá og láta þá undirrita tjónaskýrslu á staðnum. Aðstæður bjóða hins vegar ekki nærri alltaf upp á slíkt,“ segir Eiríkur Davíðsson, bóndi á Kanastöðum í Austurlandeyjum.

Í júlí var Eiríkur á leið í hestaferð. Hann lenti á eftir vörubíl skammt fyrir austan Hvolsvöll. Bíllinn var fullstaður af mól en án yfirbreiðslu. Í einni vilpunni til móts við bæinn Dufþaksholt fuk mól af bílnum og lenti á bíl Eiríks og á veginum. „Þetta voru litlir oddhvassir steinar. Við tókum niður númerið á bílnum til að geta haft uppi á bílstjóranum síðar en létum lögreglu vita af atvikinu.“

Höpurinn hélt að því búnu í hestaferðina. Viku síðar fór Eiríkur á lögreglustöðina á Hvolsvelli þar sem tekin var lögregluskýrsla.

Í henni kemur fram að lögreglumaður hafi skoðað bifreiðina og hún hafi greinilega orðið fyrir miklu grjótkasti. Vélarhlíf, þak og hliðar bifreiðarinnar séu greinilega grjótbardar.

Málið vandaðist hins vegar þegar átti að sækja bætur til tryggingafélagsins þar sem vörubíllinn var tryggður.

Eiríkur segir að í samtali við starfsmann þess hafi komið fram að hann hefði átt að stoppa vörubílin. Hann kveðst hafa bent honum á að það væru þrjú vitni að atburðinum. Svarið sem Eiríkur fékk var að tryggingafélagið tæki ekki mark á því þetta fólk



MIKIÐ SKEMMDUR Eiríkur Davíðsson segir erfitt að sækja bætur eftir að bifreið hans skemmdist mikið af völdum grjótkasts. Ekki var gerð tjónaskýrsla um leið og óhappið varð. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURDUR JÓNSSON

væri hliðhollt honum. Í tölvupósti sem Eiríkur fékk frá sama manni segir: „Í grunninn er þetta ekki bótaskýlt nema þeir hreinlega viðurkenni að hafa verið þarna á þessum stað á þessum tíma og hafi nánast séð mölina fara yfir bíllinn þinn.“

Guðmundur Ingi Þorsteinson, forstöðumaður Ökutækjatjóna hjá Sjóvá, segir að mál af þessum toga geti orðið nokkuð snúin. Ef ekki sé gengið frá tjónaskýrslum strax og þær undirritaðar eða lögregla kölluð til sé erfitt að fá tjón af þessu tagi bætt nema í gegnum kaskótryggingu eigin bifreiðar. Nái viðkomandi ekki í þann sem tjóninu veldur eða hann neiti að hafa valdið því

„Mér finnst stundum eins og það sé verið að verðlauna þessa menn fyrir að nota ekki yfirbreiðslur.“

Eiríkur Davíðsson bóndi á Kanastöðum

sitji menn yfirleitt uppi með tjónið sjálfir.

„Mér finnst stundum eins og það sé verið að verðlauna þessa menn fyrir að nota ekki yfirbreiðslur,“ segir Eiríkur.

Hann segist ekki hættur að leita réttar síns í þessu máli. Lakkið á bílnum sé ónýtt og tjónið nemi ábyggilega nokkur hundruð þúsund krónum. johanna@frettabladid.is



Kringlunni
Sími 568 7777
heyarnarstodin.is

HEYRNARSTÖÐIN



Boeing 737 farþegaflugvél brotlenti í landingu á flugvælinum í Kazan:

50 fórust í flugslysi í Rússlandi

RÚSSLAND Fimmtíu fórust og enginn komst lífs af þegar farþegaflugvél af gerðinni Boeing 737 fórst í landingu á flugvælinum í Kazan í lýðveldinu Tatarstan í Rússlandi í gær.

Flugvélin, sem var í eigu rússneska flugfélagsins Tatarstan Airlines, varð að sögn sjónarvotta alelda á svipstundu eftir að hún brotlenti. Vélin var á leið frá Moskvu og flugmenn hennar höfðu samkvæmt heimildum BBC áður gert tvær tilraunir til að landa á flugvælinum í Kazan, sem er í um 800 kílómetra fjarlægð frá Moskvu.

Talið er að Irek Minnikhanov, sonur Rus-tams Minnikhanov, forseta Tatarstan, hafi látist í slysinu.

Vladímír Pútín, forseti Rússlands, sendi frá sér tilkynningu í gærkvöldi þar sem hann sendi aðstandendum þeirra sem fórust samúðarkveðjur.

Rússland og önnur ríki sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum hafa lengi verið gagnrýnd fyrir flugöryggismál sín.

- hg



FRÁ SLYSSTAÐ Brak úr vélinni dreifðist um alla flugbrautina á flugvælinum í Kazan. NORDICPHOTOS/AFP

4G

10x
meiri hraði
en í 3G!



1 GB
á mánuði
í 6 mán.
fylgir!

Samsung Galaxy S4

99.990 kr. stgr.

5.990 kr. /18 mán.

Einn sá flottasti frá Samsung.



Samsung Galaxy Gear

59.990 kr. stgr.

Með úrinu getur þú tekið myndir, svarað símtali, talið skrefin og vitað hvað klukkan slær.



Nike+ FuelBand

29.990 kr. stgr.

Einkapjálfi á úlnliðinn.

Græjaðu þig upp hjá Nova!



Apple TV 3

22.990 kr. stgr.

Ómótstæðilegur konfektkassi.



Xqisit bluetooth hátalari

5.990 kr. stgr.

Bara svo miklu betra hljóð.
Fánlegir í fjórum litum.



Urbanears heyrnartól

11.990 kr. stgr.

Fánleg í fimmtán litum.



Bíókort Nova 5× í bíó

3.790 kr. stgr.

Fullt verð: **6.750 kr.**

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter

NOVA

SVONA ERUM VIÐ



87.893 tonnum af fiski var landað í október 2013 samanborið við 99.200 tonn í október 2012.

Heildarafli ársins er 3,1 prósent meiri en á sama tímabili árið 2012, sé aflinn metinn á föstu verði.

Bóndi í Hrunamannahreppi vill sjá innflutning á erfðæfnum holdanauta:

Bíða í ár eftir bestu bitunum

LANDBÚNAÐUR „Það er mikil eftirspurn eftir nautalundum héðan úr sveitinni og nú er um eins árs löng bíð eftir þeim,“ segir Unnsteinn Hermannsson, bóndi í Langholtskoti í Hrunamannahreppi.

Unnsteinn og eiginkona hans, Valdís Magnúsdóttir, rækta holdanautgripni sem eru blendingar af íslenska kúakyninu og þremur útlendum holdakynjum. Þau selja kjöt af um 60 nautgripum á hverju ári. Gripunum er

slátrað hjá Sláturfélagi Suðurlands en kjötið er unnið í kjötvinnslu Langholtskots.

„Fólk byrjaði að panta jólasteikurnar fyrir næstu jólmót og það skiptir engu hvort um er að ræða lundir, hryggvöðva, rib-eye eða aðrar steikur,“ segir Unnsteinn.

Mikil eftirspurn eftir kjötinu fer illa saman við stöðu holdanautastofnsins hér á landi, sem að sögn Unnsteins er orðinn úrkynjaður.

„Til þess að auka þessa nauta-



BEINT FRÁ BÝLI Valdís og Unnsteinn selja kjöt af 60 nautgripum á hverju ári.

kjötsframleiðslu þarf að flytja inn nýtt blóð í þennan stofn. Það verður einungis gert með innflutningi á fersku sæði og fósturvísunum.“ -hg

Elding sást frá Veðurstofu:

Þrumuveður í Reykjavík

VEÐUR Eldingu sló niður í loftnet leigubílastöðvarinnar BSR á þaki Hótel Sögu aðfararnótt sunnudags. Vakthafandi veðurfræðingur Veðurstofu Íslands segir að ein elding hafi sést þaðan um klukkan laust fyrir klukkan sex um nóttina.

Ísey Þorgrímsdóttir, aðstoðar hóteltjóri á Hótel Sögu, sagði að þar á bæ hefðu menn ekki orðið varir við neitt en ýmsir hafa haft samband við Veðurstofuna og látið vita af eldingu. -hrs

Óvænt úrslit hjá Sjálfstæðisflokkki

Halldór Halldórsson, fyrrverandi bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, sigraði í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Óánægja er innan flokksins með hlut kvenna í prófkjörinu en þrjú efstu sætin á listanum verða skipuð körlum. Kjörnefnd mun stilla upp lokalista fyrir kosningarnar.

FRÉTTASKÝRING

Hver er niðurstaðan úr prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík?

Halldór Halldórsson, fyrrverandi bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, varð efstur í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins fyrir komandi borgarstjórnarkosningar á laugardag.

Um tuttugu þúsund manns voru á kjörskrá og greiddu 5.075 atkvæði í prófkjörinu. Fjórir frambjóðendur börðust um fyrsta sætið: Halldór Halldórsson, fyrrverandi bæjarstjóri, og borgarfulltrúarnir Júlíus Vífill Ingvarsson, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir og Hildur Sverrisdóttir.

Halldór Halldórsson bar á endanum sigur úr býtum með 1.802 atkvæði í fyrsta sætið. Kosningabátttakan telst dræm á mælikvarða Sjálfstæðisflokksins. Til samanburðar greiddu 12.000 manns atkvæði í prófkjöri flokksins í borginni árið 2005 en það var metþáttaka. Árið 1981 greiddu um 6.000 manns atkvæði en það voru um 65 prósent þeirra sem voru á kjörskrá. Í prófkjörinu um helgina voru 22.000

manns á kjörskrá og var því þátttakan um 20 prósent.

Karlar í efstu þremur

Þær tvær konur sem sóttust eftir að leiða listann náðu ekki markmiðum sínum. Þorbjörg Helga endaði í fjórða sæti og Hildur Sverrisdóttir í því sjötta.

Jarþrúður Ásmundsdóttir, formaður Landssambands sjálfstæðisflokkskvenna, segir óásættanlegt að þrjú karlar skipi efstu sætin. „Allt tal um að það séu jöfn kynjahlutföll í efstu tíu sætum er einfaldlega hjákátleg umræða. Listinn á að endurspeglar fjölbreytileika samfélagsins og það að hafa þrjú karla í efstu sætum er ekki flokknum til framdráttar.“

Halldór Halldórsson, fyrrverandi bæjarstjóri á Ísafirði, segist ánægður með sigurinn. Hann hafi náð sínum markmiðum. „En ég tek undir að það sé æskilegt að stada kvenna og karla á listanum sé jöfn.“

Íhuga stöðu sína

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins íhuga nú bæði Þorbjörg Helga og Júlíus Vífill stöðu sína

og hvort þau muni taka sín sæti á framboðslistanum. Hvorugt þeirra lét ná í sig í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Hildur Sverrisdóttir, sem sóttist eftir fyrsta sæti en endaði í því sjötta, mun líklega taka sæti á listanum. „Ég er í stjórnmálum til að gera gagn og geri ráð fyrir að halda því áfram,“ segir Hildur.

Það verður í höndum kjörnefndar fulltrúaráðsins í Reykjavík að ganga frá lokauppstillingu lista Sjálfstæðisflokksins. Áður en baráttan um borgina hefst mun Halldór Halldórsson þó þurfa að lægja öldur innan eigin flokks. Þungavigtarmenn í Sjálfstæðisflokknum á borð við Styrmi Gunnarsson fyrrverandi ritstjóra segja prófkjörið þungan dóm um störf flokksins í borginni.

„Halldór Halldórsson á ekki að láta sem ekkert sé og að Sjálfstæðisflokkurinn standi ekki frammi fyrir alvarlegum vandamálum nú í aðdraganda kosningabaráttu,“ segir Styrmir í pistli á netinu.

simon@frettabladid.is



Rýr hlutur kvenna í prófkjörum

Konur hafa lengi átt undir högg að sækja í íslenskum stjórnmálum og er þar Sjálfstæðisflokkurinn ekki undanskilinn, eins og sjá má á niðurstöðum nokkurra prófkjöra í fortíðinni.

■ **1981** Davíð Oddsson bauð sig fram gegn Alberti Guðmundssyni í fyrsta sætið. 5.917 manns greiddu atkvæði og hlaut Davíð um 3.500 atkvæði. Prófkjörið vakti sérstaka athygli fyrir hve skarðan hlut konur báru frá borði en í ellefu efstu sætum voru aðeins tvær konur.

■ **1997** Inga Jóna Þórðardóttir og Árni Sigfússon bitust um fyrsta sætið. 6.575 greiddu atkvæði. Árni sigraði örugglega og fékk 4.542 atkvæði í fyrsta sæti. Í öðru sæti varð Vilhjálmur P. Vilhjálmsen en Inga Jóna hafnaði í þriðja sæti.

■ **2002** Sjálfstæðisflokkurinn stillti upp lista og sóttist Inga Jóna Þórðardóttir eftir því að leiða hann. Uppstillingarnefnd ákvað hins vegar að stilla Birni Bjarnasyni upp sem oddvita. Þegar hann varð ráðherra tók Vilhjálmur P. Vilhjálmsen við.

■ **2005** Stærsta prófkjör í sögu Sjálfstæðisflokksins fór fram. 12.000 manns tóku þátt í prófkjörinu þar sem Vilhjálmur P. Vilhjálmsen og Gísli Marteinn Baldursson tókust á um fyrsta sætið. Vilhjálmur sigraði en Hanna Birna Kristjánsdóttir fékk örugga kosningu í annað sætið.


■ **2010** Hanna Birna var kosinn oddviti Sjálfstæðisflokksins í borginni. 7.173 tóku þátt í prófkjörinu og Hanna Birna fékk 5.746 atkvæði í fyrsta sætið. Júlíus Vífill lenti í öðru sæti. Fimm konur voru í tíu efstu sætum listans, líkt og nú.

→ Úrslit prófkjörs Sjálfstæðisflokksins 2013

1. sæti	Halldór Halldórsson	1802 atkvæði í 1. sæti
2. sæti	Júlíus Vífill Ingvarsson	2031 atkvæði í 1.-2. sæti
3. sæti	Kjartan Magnússon	2531 atkvæði í 1.-3. sæti
4. sæti	Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir	1981 atkvæði í 1.-4. sæti
5. sæti	Áslaug María Friðriksdóttir	2404 atkvæði í 1.-5. sæti
6. sæti	Hildur Sverrisdóttir	2212 atkvæði í 1.-6. sæti
7. sæti	Marta Guðjónsdóttir	2104 atkvæði í 1.-6. sæti
8. sæti	Börkur Gunnarsson	1511 atkvæði í 1.-6. sæti
9. sæti	Björn Gíslason	1422 atkvæði í 1.-6. sæti
10. sæti	Lára Óskarsdóttir	1325 atkvæði í 1.-6. sæti

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



KALT Í VEÐRI Það er vetrarlegt um að líta á landinu og verður það áfram næstu daga. Það verður töluvert frost um allt land í dag, í kvöld dregur tímabundið úr frosti en á miðvikudaginn kólnar á ný.

Alicante 17°	Berlín 7°	Friedrichshafen 12°	Las Palmas 22°	New York 17°	París 7°
Apelna 16°	Billund 8°	Gautaborg 8°	London 9°	Orlando 28°	San Francisco 15°
Basel 10°	Frankfurt 8°	Kaupmannahöfn 8°	Mallorca 14°	Ósló 6°	Stokkhólmur 7°

Miðvikudagur
Víða hægur vindur.

Soffía Sveinsdóttir
veðurfréttamaður



GLÆNÝ LÍNUÝSA

PLOKKFISKUR

FISKIBOLLUR

ÚRVAL FISKRETTA

HEITUR MATUR Í HÁDEGINU

OPIÐ MÁNUD. - FÖSTUD. KL. 9 - 18.15

Gnoðarvogi 44 • Sími 588 8686

Rauðir dagar 18.-22. nóvember


Hver er sparnaður íslenskra heimila að meðaltali á mánuði?

Samkvæmt gagnagrunni Meniga.

- 418 kr.
- 30.193 kr.
- 36.372 kr.
- 43.456 kr.

Það eru Rauðir dagar í útibúinu þínu alla vikuna með fræðslu og fundum um fjármál heimilisins.

Komdu og spurðu okkur spjörunum úr.



Rauðir dagar - í útibúinu þínu

Á Rauðum dögum Íslandsbanka 18.-22. nóvember leggjum við sérstaka áherslu á fræðslu um flest það sem viðkemur fjármálum heimilisins.

Boðið verður upp á opna fundi og fyrirlestra á völdum stöðum og heitt kaffi og meðlæti í útibúinu þínu.

Nánar á islandsbanki.is

Dagskráin í dag Allt um sparnað



Sparifé við starfslok

Fræðslufundur um lykilatriði varðandi sparnað á efri árum. Íslandsbanki Höfðabakka kl. 10.00.



Tölvun og snjallsíminn

Kennsla á Netbankann og Íslandsbanka Appið. Öll útibú kl. 12.15-12.45.



Hvaða sparnaðarform hentar þér?

Opinn fyrirlestur um mismunandi tegundir sparnaðar, kosti þeirra og galla. Fundurinn er öllum opinn á meðan húsrúm leyfir. Boðið verður upp á kaffiveitingar. Íslandsbanki Suðurlandsbraut kl. 16.30.

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000


Íslandsbanki

VEISTU SVARIÐ?



1. Hversu hátt hlutfall stráka í 4. til 10. bekk skoðar klám á netinu?
2. Hvað kostar að leggja í eina klukkustund í bílastæði á gjaldstæði 1 í Reykjavík?
3. Hver er höfundur barnabókanna Karólína og týndu skórnir og Karólína og eggid?

SVÖR:
3. Katrín Ósk Jóhannsdóttir.
2. 225 krónur.
1. Um 38 prósent.

Um 500 þúsund heimilislausir á Filippseyjum:
Buðu upp á hlaðborð

FILIPPSEYJAR Félag Filippseyinga á Íslandi stóð í gær fyrir hádegishlaðborði á veitingastaðnum Bambus til styrktar neyðarsöfnun Unicef fyrir börn á Filippseyjum. Talið er að yfir 3.900 manns hafi látist þegar fellibylurinn Haiyan, einn stærsti fellibylur sem gengið hefur nokkurs staðar á land, reið yfir Filippseyjar fyrr í þessum mánuði.

Yfir fimm hundruð þúsund íbúar landsins eru nú heimilislausir og skortur er á ýmsum nauðsynjum.

Benigno Aquino, forseti Filippseyja, gagnrýndi margar sveitarstjórnir landsins í gær þegar hann sagði þær hafa verið illa undirbúnar undir afleiðingar fellibylsins. Hann hefur sjálfur verið gagnrýndur fyrir viðbrögð stjórnvalda.

„Okkar helsta vandamál nú er að fæða 1,4 milljónir manna á hverjum einasta degi. En ríkisstjórnin hefur burði til þess og við vinnum hratt að því,“ sagði Aquino.



STYRKTU UNICEF Félag Filippseyinga bauð upp á hlaðborð af filippseyskum mat á veitingastaðnum Bambus í Borgartúni í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Snýr heim til Zagreb með þrjá tengdasyni

Darri Stanko Miljevic flutti til Íslands frá Króatíu fyrir 42 árum. Nú snýr hann aftur með þrjá íslenska tengdasyni til að horfa á leik Íslands og Króatíu. Aldrei kom til greina að taka konurnar með því þá yrðu strákarnir bara burðardýr í verslunum.

ÍPRÓTTIR „Ég var nítján ára þegar ég mætti á þennan flugvöll og flaug til Íslands. Síðan eru liðin 42 ár,“ sagði Darri Stanko Miljevic við komuna til Zagreb í gærkvöldi. Darri var ekki einn á ferð því með í för voru þrjú tengdasynir hans, Sigurður Þór Þórsson, Rafn Árnason og Hjalti Rögnvaldsson, en þeir eru komnir til Zagreb til að fylgjast með leik Íslands og Króatíu á morgun.

„Þetta verður bara ævintýri og við ætlum að njóta þess. Svo verður maður bara tilbúinn við takkana á lykilorðinu á þriðjudagskvöldið til að bóka ferðina til Brasilíu,“ segir Hjalti. Hann er ekki einn um að vera bjartsýnn á að strákunum í karlalandsliðinu tækist ætluarverk sitt.

„Það eru mjög miklar líkur á því. Ég spái 1-1 jafntefli,“ segir Sigurður Þór sem ákvað að skella sér með tengdapabba á heimaslóðir í Króatíu áður en úrslitin fínu í fyrri leiknum voru ljós.

„Við erum svo góðir vinir eftir þrettán ár. Það kom ekkert annað til greina en að skella sér með honum,“ segir Sigurður Þór. Hjalti og Rafn ákváðu eftir kvöldið yndislega á Laugardalsvelli að fara með.

Vinirnir fjórir eru fljótir að svara spurningunni hvort aldrei hafi komið til greina að taka konurnar með.

„Nei, þær hefðu bara viljað fara að versla. Þá hefðum við bara verið burðardýr,“ segir Sigurður Þór og uppsker hlátur félaga sinna. Þeir velja fyrir sér hvort þeir ættu að biðja blaðamann



STUÐNINGSMENN „Sérðu ekki að ég er með tvo trefla?“ segir Darri, þegar hann er spurður hvort hann ætli að styðja Ísland eða Króatíu í leiknum á morgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

um að sleppa því að hafa svarið eftir þeim en Rafn lokar þeirri umræðu.

„Ég er sannfærður um að þær eru með eitthvert bullandi party heima fyrst við erum farnir,“ segir Rafn og félagarnir taka undir. „Nú fattar maður hvers vegna þær voru svona áfjáðar í að senda okkur út.“

Darri flutti upphaflega til Íslands til að vinna hjá frænda sínum í frystihúsi. Þaðan lá leiðin í Ömmubakstur þar sem hann bakaði kleinur og fleira góðgæti. Undanfarin tíu ár hefur hann rekið Svarta kaffið á Laugaveginum við góðan orðstír. Hann er ekki í nokkrum vafa um hvort liðið hann muni styðja á þriðjudaginn.

„Við erum svo góðir vinir eftir þrettán ár. Það kom ekkert annað til greina en að skella sér með honum.“

Sigurður Þór Þórsson

„Sérðu ekki að ég er með tvo trefla?“ segir Darri og bendir á tvo íslenska trefla um hálsinn.

„Eftir 42 ár á Íslandi er ég meiri Íslendingur en Króati.“

Darri á tvo bræður sem búa í um 200 kílómetra fjarlægð frá Zagreb. Þeir eru ekki væntanlegir á leikinn. „Nei, ég myndi ekki vilja þurfa að sitja með þeim Króatíumegin. Ég vil sitja Íslandsmegin.“

kolbeinntumi@frettabladid.is



HEIMEIER

NÚ ER FROST
Á FRÓNIEr kominn tími til að
endurnýja ofnlokann?

- Heimeier ofnlokarnir hafa ekki tilhneigingu til að festast.
- Þeir eru öruggir og endingargóðir.
- Tvöfaldir o-hringir koma í veg fyrir lekavandamál.
- Notendavænn hitanemi sem þú stillir að þínum þörfum.
- Áralöng reynsla.

Gæði, þjónusta, ábyrgð - það er Tengi

Opið virka daga frá kl. 8-18 og laugardaga kl. 10-15

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • tengi@tengi.is
Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050 • www.tengi.is

Ungur maður varð öðrum að bana við akstur undir áhrifum fyrir 15 árum:
Samfélagsálitinu þarf að breyta

SAMFÉLAGSMÁL „Breyta þarf hugsunarhætti Íslendinga í garð ölvunaraksturs,“ sagði Ólafur Ingvar Guðjónsson, einn ræðumanna á athöfn af tilefni alþjóðlegum minningardegi fórnarlamba umferðarslysa.

Fjöldi var samankominn við bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi í gær við minningarathöfn um þá sem látist hafa í umferðarslysum. Meðal annarra framsögumanna voru Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra og Ellen Björnsdóttir hjúkrunarfræðingur.

Ólafur Ingvar ók ölvaður fyrir 15 árum og olli banaslysi. Ólafur sagði marga fara með ölvunarakstur sem gamanmál. Þeir gantist með það að hafa verið ölváðir og muna ekki hvernig þeir komust heim. Aðrir hlæi að því en verði síðan einhver manni



að bana vegna ölvunaraksturs breytist viðhorfið. „Það verður að breyta þessum hugsunarhætti,“ sagði Ólafur í ræðu sinni.

Þriðja sunnudag í nóvember er efnt til hliðstæðrar athafnar víða um heim og hefur sú hefð skapast

hér á landi að heiðra þær starfsstéttir sem koma að björgun og aðhlyningu þegar umferðarslysum verða.

Tólf eru nú þegar látnir í alvarlegum umferðarslysum það sem af er þessu ári.

-fbj

EFLA ÖRYGGI
Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra sagði í ávarpi sínu að efla þyrfti umferðaröryggi með auknu viðhaldi á vegum landsins.

MYNDJÓN JÚLIUS

JÓLAKÍLÓ-NEI TAKK!

Hið geysivinsæla 4-vikna námskeið fyrir þær sem vilja fyrirbyggja hin árlegu „jólakíló“. Komdu þér í flott form fyrir jólin og njóttu þess að borða góðan mat án þess að sitja uppi með aukakíló og vanlíðan.

Nýtt og
enn betra

- 50 góð ráð til að njóta jólanna án þess að fitna.
- Sérstakt mataræði, sykurlöngun minnkar og þú losnar við aukakílóin
- Þú setur þér markmið sem þú vinnur markvisst að
- Sérhannað brennsluæfingakerfi sem hámarkar fitubruna
- Mælingar, vigtun, fitu- og ummálmælingar - fyrir og eftir
- Fræðsla, fróðleikur og uppskriftir 3x í viku
- Mikið aðhald
- Lokaðir tímar 3x í viku
- Ótakmarkaður aðgangur að opnum tímum og tækjasal
- Aðgangur að glæsilegri útiaðstöðu - jarðsjávarpotti og gufuböðum
- Þær sem ná bestum árangri fá flotta jólagjöf

ATH! Allir námskeiðspáttakendur fá 15% afslátt af snyrti- og spameðferðum í Blue Lagoon spa

Allar nánari upplýsingar á www.hreyfing.is

Rauðir dagar 18.-22. nóvember

Hvaða sparnaðarform hentar þér?

- Húsnæðissparnaður Sparileið
 Hlutabréfasjóðir Eitthvað annað

Mánudagur 18.11. kl. 16.30- 17.30
 Íslandsbanki Suðurlandsbraut

Opinn fyrirlestur um mismunandi tegundir sparnaðar, kosti þeirra og galla. Boðið upp á kaffiveitingar. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Við bjóðum
 góða þjónustu



LÖGREGLA SEND Á VETTVANG Þegar baráttufólk fyrir réttindum samkynhneigðra efndi til mótmæla í tengslum við gleðigöngu í Pétursborg í síðasta mánuði tók á móti þeim þungvopnuð lögreglusveit.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Rússneskt dagblað sagt spilla æskulyð

Um þessar mundir reynir í fyrsta sinn á ný lög í Rússlandi, sem banna „áróður fyrir samkynhneigð“. Viðtal við fyrrverandi kennara, sem varð fyrir aðkasti vegna kynhneigðar sinnar og var rekinn úr starfi, hefur verið kært til fjölmiðlaeftirlits.

RÚSSLAND, AP Útgefendur rússneska dagblaðsins Molodoi Dalnevostotsjnik hafa verið ákærðir fyrir að birta viðtal við kennara, sem rekinn hafði verið úr starfi sínu vegna þess að hann er samkynhneigður.

Í réttarhöldunum mun í fyrsta sinn reyna á umdeild lög sem sett voru í sumar. Samkvæmt þeim lögum er bannað að viðhafa opinberlega „áróður fyrir samkynhneigð“.

Kennarinn fyrrverandi, sem heitir Alexander Jermosjkin, hafði orðið fyrir aðkasti, bæði í skólanum og úti á götum, eftir að uppvíst varð um kynhneigð hans. Hann ákvað því að segja sögu sína í fjölmiðlum.

Í viðtalinu við Molodoi Dalnevostotsjnik sagði Jermosjkin:

„Sjálftilvera mín sannar í reynd að samkynhneigð er eðlileg.“

Það eru þessi ummæli, sem urðu til þess að dagblaðið var kært til Roskomsnadsor, fjölmiðlanefndarinnar sem hefur eftirlit með því að lögunum sé framfylgt.

Galina Egosjina, talsmaður nefndarinnar, sagði ummæli Jermosjkins í viðtalinu vera forkastanleg: „Svona fullyrðing stangast á við lögmál rökfræðinnar. Með því að birta hana fyrir lesendum undir lögdri leiðir höfundurinn lesendur sína í villu um að samkynhneigð sé eðlilegt ástand. Með sömu rökum væri hægt að segja að tilvera vitfirtra manna og raðmorðinga sé eðlileg og jafnvel gjaldgeng.“

Dagblaðið Molodoi Dalnevo-

„Sjálftilvera mín sannar í reynd að samkynhneigð er eðlileg.“

Alexander Jermosjkin

stotsjnik er gefið út í Kabarovsk-héraði í austanverðu Rússlandi. Blaðið er skrifað með tilliti til þess að lesendahópurinn sé í yngri kantinum.

Samkynhneigð er ekki bönnuð í Rússlandi, en mikil andúð á samkynhneigð er útbreidd í landinu.

Lögin, sem sett voru í sumar, hafa verið harðlega gagnrýnd. Meðal annars hafa komið fram áhyggjur um að samkynhneigðir íþróttamenn, sem taka þátt í Vetrarólympíuleikunum í Sotsjji síðar í vetur, geti orðið fyrir barðinu á þeim.

gudsteinn@frettabladid.is

Mannvirðing

Síðmennt styður opið, viðsýnt og fjölbreytt samfélag



kynntu þér málið!

Vissir þú að...

holl og góðfæða studlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á



www.volkswagen.is



*Miðað við Caddy TSI bensín, 86 hestöfl, beinskíptur. Aukahlutir á mynd, álfelgur og þokuljós.

Til afgreiðslu strax

Volkswagen Caddy

Góður vinnufélagi

Caddy er áreiðanlegur, sparneytinn og þægilegur í allri umgengni. Lipur vinnubjarkur með frábæra aksturseginnleika og ríkulegan staðalbúnað. Hann er fánlegur með bensín-, dísil- og metanvélum frá framleiðanda.

Caddy* kostar aðeins frá
3.090.000 kr.
 (2.462.151 kr. án vsk)



Atvinnubílar

Fæst einnig fjórhjóladrifinn

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
 Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílas Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði



15% afsláttur

Ferskir í fiski

Laxasneiðar
1299 kr./kg
~~1528 kr./kg~~



NÓATÚN
Við gerum meira fyrir þig

Ungnautahakk
100% hreint
1399 kr./kg
~~1698 kr./kg~~

Bestir í kjöti



15% afsláttur

Aðeins íslenskt kjöt í kjötbörð

Lambagúllas
2098 kr./kg
~~2498 kr./kg~~



20% afsláttur

SS saltkjöt, valið
1999 kr./kg
~~2575 kr./kg~~



17% afsláttur

Aðeins íslenskt kjöt í kjötbörð



Íslensk matvæli kjúklingabringur
2198 kr./kg
~~2469 kr./kg~~

Tilboð í Nóatúni

Gildir frá 18. – 21. nóvember



Íslenskar kartöflur í lausu
229 kr./kg
~~289 kr./kg~~



Appelsínur
299 kr./kg
~~348 kr./kg~~



Fljótshóla gulrætur, 600 g
389 kr./pk.
~~459 kr./pk.~~



Jólabrauð
389 kr./stk.
~~498 kr./stk.~~

Matarsendingar til útlanda

Láttu okkur sjá um alla fyrirhöfnina

– útvega vottorð, pakka og senda.

Nánari upplýsingar á www.noatun.is



Gratínostur, rifinn
349 kr./pk.
~~397 kr./pk.~~



Myllu jólaterta ½, m/kremi
309 kr./stk.
~~349 kr./stk.~~



Chicago Town pepperoní pizzur, 2 stk. í pk.
498 kr./pk.
~~549 kr./pk.~~



Latabæjar orkumjólk, 250 ml, 2 teg.
109 kr./stk.
~~124 kr./stk.~~

Opið til miðnættis alla daga

8·24

NÓATÚN

Ný könnun í Bandaríkjunum: Meirihlutinn trúir á samsæri

BANDARÍKIN 61 prósent Bandaríkjamanna telur að morðið á John F. Kennedy árið 1963 hafi verið hluti af samsæri og Lee Harvey Oswald hafi ekki verið einn að verki, samkvæmt niðurstöðum nýrrar Gallup-könnunar sem gerð var í Bandaríkjunum. Hlutfallið hefur þó ekki verið lægra í könnunum Gallup á morðinu í tæp 50 ár. Morðið á Kennedy fyrir 50 árum markaði tímamót í sögu Bandaríkjanna á síðustu öld. -sb

Yfir tvö þúsund manns sóttu nýtt app Símans á meðan það var enn í prufu: Margir vildu sjónvarp í símann

TÆKNI Yfir tvö þúsund manns sóttu á rúmri viku nýtt app fjarskiptafyrirtækisins Símans áður en opnað var fyrir almenna notkun á því. Appið gerir notendum kleift að nota snjallsíma eða spjaldtölvur til að horfa á allt að tíu sjónvarpsstöðvar úr Sjónvarpi Símans og leigja myndefni. „Við teljum að eftirspurnin eftir þessari þjónustu hafi verið orðin svona mikil. Appið var opnað áskrifendum að sjónvarpi Símans síðdegis á fimmtudag en fyrir þann tíma sat appið í 7. sæti Play Store yfir vinsæl-

ustu íslensku öppin,“ segir Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri Símans. Sævar segir að appið hafi í fyrstu verið gert aðgengilegt svo starfsmenn fyrirtækisins gætu prófað það áður en það færi á almennan markað. „Þónokkrir hringdu strax í þjónustuver okkar og báðu um skráningarnúmerið inn í appið. Aðrir hringdu og báðu sérstaklega um að vera í prufuhópi. Því er mikil tilhlokkun innan fyrirtækisins fyrir því hvernig áskrifendur að Sjón-



MIKIL EFTIRSPURN Sævar Freyr segir að viðbrögðin hafi komið á óvart. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA.

Einvígið heldur áfram: Carlsen sigraði

SKÁK Sjöttu skákinni af tólf í heimsmeistaraveinvígi norska undrabarnsins Magnusar Carlsen og Indverjans Viswanathans Anand lauk með sigri Carlens. Eftir fjögur jafntefli í röð hefur Carlsen unnið tvær síðustu skákir og er sem taugar Anands séu að gefa sig en klaufaleg mistök hafa orðið honum dýrkeypt. Gríðarlegur áhugi er á einvíginu í Noregi þar sem Magnus Carlsen er þjóðhetja. Sjöunda einvígisskákinn fer fram í Chennai á Indlandi í dag. -sb

Hágæða lágkólvætna matvörur frá NOW



Erythritol.
Bragðast líkt og hvítur sykur - ekkert eftirbragð. Hefur engin áhrif á blóðsykur og tennur.



REAL FOOD

NOW framleiðir náttúrulegar og lífrænar matvörur án allra óæskilegra fyllingar- og aukefna í umbúðum sem varðveita gæðin fullkomlega út líftímann.

Fást í öllum helstu matvöruverslunum um land allt. www.nowfoods.is

Könnun á fylgi í borginni: Óbreyttur fjöldi borgarfulltrúa

KÖNNUN Litlar breytingar hafa orðið á fylgi flokkanna í borginni samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar sem Capacent gerði fyrir þáttinn Sunnudagsmorgunn með Gísla Marteini. Samkvæmt könnuninni fengu flokkarnir sama fjölda borgarfulltrúa og þeir hafa í dag yrði gengið til kosninga nú. Þjört framtíð fengi 33,9 prósent og sex fulltrúa, og Sjálfstæðisflokkur 28,7 prósent og fimm fulltrúa. Samfylkingin fengi samkvæmt könnuninni 20,5 prósent fylgi og þrjú borgarfulltrúa og Vinstri græn 9,3 prósent og einn fulltrúa. Framsóknarflokkurinn mælist með 3,3 prósent fylgi og engan borgarfulltrúa. -bj



Í HEILSUSTOFNUN NÁTTÚRULÆKNINGAFÉLAGSINS Meðal þeirra sem dvelja á stofnuninni eru sjúklingar í krabbameinsendurhæfingu, gígtaendurhæfingu, geðendurhæfingu og liðskipta-, hjarta-, æða- og lungnaendurhæfingu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Farðu ekki án réttinda á vinnuvélar til Evrópu, vertu klár í allt, heima sem erlendis

Skjót leið til starfsmenntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni meiraprof.is eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

Skapaðu þér þitt eigið góðæri

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappir og tölvum og láta til sín taka á svernum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum. Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra (og öllum vegfarendum) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf fyrir dauðan og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt. Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Biðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

NÝI ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRDUM 11 (et-húsinu) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00

Hvergerðingar segja ráðist að heilsuhælinu

Bæjarstjórn Hveragerðis segir vanþekkingu á Heilsustofnuninni í bænum í fjárlagafrumvarpi næsta árs. Stofnunin taki ein endurhæfingarstofnana á sig allan þann niðurskurð sem áætlaður sé í málaflökknum.

HEILBRIGÐISMÁL „Það er óskiljanlegt í ljósi þeirra mikilvægu meðferðar sem fram fer á Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands að ítrekað sé ráðist að stofnuninni með þeim hætti sem hér hefur verið gert,“ segir bæjarstjórn Hveragerðis í ályktun. Eins og fram kom í Fréttablaðinu síðastliðinn fimmtudag telur Gunnlaugur K. Jónsson, formaður stjórnar Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands (HNLFI), ríkið hafa þverbrotið þjónustusamninga sína við stofnunina. Bæjarstjórn segist mótmæla harðlega áformum um niðurskurð á framlögum til HNLFI í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2014. Þar sé lagt til að HNLFI taki ein á sig allan niðurskurð endurhæfingarstofnana þrátt fyrir að fá einungis fimmtung fjárveitinganna. Niðurskurðurinn sé 27,4 milljónir sem sé um 5 prósent af fjárveitingu ársins. „Þessi tillaga vekur sérstaka athygli þar sem nýr þjónustusamningur var undirritaður í lok árs 2011 og því áttu forsvarsmenn stofnunarinnar ekki von á öðru en að hann yrði efnður. Í þeim samningi var HNLFI gert að bæta á sig kostnaði vegna 20 sjúklinga í þungri endurhæfingu. Allt starfsárið 2012 fór í

50 milljónir króna var kostnaðurinn við breytingar á þjónustusamningi við Heilsustofnunina sem gerðar voru í lok árs 2011.

ALDÍS HAFSTEINSDÓTTIR Bæjarstjórn segist mótmæla harðlega áformum um niðurskurð á framlögum til HNLFI í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2014. Þar sé lagt til að HNLFI taki ein á sig allan niðurskurð endurhæfingarstofnana þrátt fyrir að fá einungis fimmtung fjárveitinganna. Niðurskurðurinn sé 27,4 milljónir sem sé um 5 prósent af fjárveitingu ársins. „Þessi tillaga vekur sérstaka athygli þar sem nýr þjónustusamningur var undirritaður í lok árs 2011 og því áttu forsvarsmenn stofnunarinnar ekki von á öðru en að hann yrði efnður. Í þeim samningi var HNLFI gert að bæta á sig kostnaði vegna 20 sjúklinga í þungri endurhæfingu. Allt starfsárið 2012 fór í

að aðlaða stofnunina að nýjum samningi en kostnaður vegna þessara breytinga nam rúmum 50 milljónum króna,“ segir bæjarstjórnin. Aðspurð hvaða hagsmuni Hveragerði hafi í málinu svarar Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri að ekki síst sé þetta gríðarlegt hagsmunamál fyrir þá fjölmörgu sem þurfi að nýta og hafi notið mikilvægrar þjónustu sem Heilsustofnun veitir. „Það er með öllu óskiljanlegt að ekki skuli vera ríkur skilningur á þeirri staðreynd í ráðuneytinu,“ segir Aldís. Bæjarstjórnin segir orðalag í fjárlögum lýsa vanþekkingu á starfsemi HNLFI. „Um 100 til 120 sjúklingar eru á hverjum tíma í þungri eða meðalþungri endurhæfingu á HNLFI í einu ódýrasta legurými landsins,“ segir í ályktun bæjarstjórnar. Hún kveður ljóst að verði ekki gerð breyting muni veruleg skerðing verða á þjónustunni með tilheyrandi kostnaði fyrir ríkið þar sem endurhæfing þurfi þá að fara fram í dýrari úrræðum en í þeim sem í boði séu hjá HNLFI. gar@frettabladid.is



Reitir hjálpa þínum vinnustað að þróast

Reitir eru stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Við leigjum út yfir 130 eignir af öllum stærðum og gerðum um allt land. Fjölbreytt eignasafn Reita gefur þínum vinnustað tækifæri til að þróast, hvort sem þú vilt stækka við þig eða grípa ný tækifæri í rekstri með endurhönnun húsnæðis. Þannig geta þú og þínir átt góðan vinnustað.

Krínglan 4-12

103 Reykjavík

www.reitir.is

575 9000

REITIR

Velkomin til starfa

Makrill í kvótakerfi:

Milljarðagjöf

Makrill verður settur í kvótakerfi á næsta ári samkvæmt Sigurði Inga Jóhannssyni sjávarútvegsráðherra, en á Stöð 2 fyrir viku sagði hann að veiðheimildir yrðu miðaðar við aflareynslu skipa og þær yrðu með frjálsu framsali.

Á mannamáli gæti þetta þýtt að líklega fá útgerðarmenn makrillkvóta nánast frítt og geta selt hann og veðsett eftir hentisemi. Jón Steinsson, dósent í hagfræði við Columbia-háskóla í New York, ritaði grein í Fréttablaðið á laugardag og bar upp mjög einfalda spurningu fyrir sjávarútvegsráðherra: „Hvað er það sem mælir gegn því að nýútgefinn makrillkvóti verði boðinn upp?“

Það er nefnilega þannig að þarf ekki að vera samasemmerki á milli kvótakerfis og gjafkvóta. Kvótakerfið sem slíkt er ágætt og „hefur sýnt sig að vera gríðarlega þjóðhagslega hagkvæmt“, svo vitnað sé í orð ráðherra sem segir margar þjóðir horfa „með aðdáunar- og öfundaraugum til okkar hvað það varðar“.

Hingað til hafa makrillveiðar staðið utan kvótakerfis og í grein sem Kristinn H. Gunnarsson, fyrrverandi alþingismaður, skrifaði í Fréttablaðið segir að frá 2010 hafi útflutningsverðmætið numið 70 milljörðum króna. Samkvæmt hans útreikningum ætti hagnaður útgerðanna af þessum veiðum að nema 45 milljörðum. Eflaust er hægt að rífast um þá tölu en greiðslur fyrir veiðiréttinn til ríkisins eru aðeins 2,4 milljarðar á þessum árum samkvæmt Kristni.

Fyrirkomulagið er þannig að ráðherra hefur til þessa gefið út heildaraflamark og hafa mjög ólík skip haldið til veiða, frá hafi og upp í fjöruborð nánast, eins og komið hefur fram í fréttum. Í ráðuneytinu er nú verið að leita að ásættanlegri lausn um úthlutun kvóta á makrill og hefur ráðherra leitað eftir „samráði við útgerðarmenn“, jafnt stóra sem smáa.

Jón Steinsson segir í grein sinni að auðvitað eigi makrill að fara inn í kvótakerfið en hann vill að leitað sé samráðs við þjóðina líka. Það að úthluta makrillkvóta með gamla laginu færir örfáum fyrirtækjum tugi milljarða á silfurfati. Jón segir að ráðherra hafi ekki haft samráð við skattgreiðendur eða sjúklinga á Landspítalanum. „Sátt“ í sjávarútvegsáttum snúist fyrst og síðast um að „útgerðarmenn séu sáttir og að þjóðin sé ávallt aukaatriði í því sambandi“.

Auðvitað á að bjóða makrillkvóta hæstþjóðanda. Þetta eru verðmæti sem sjávarútvegsráðherra á að selja fyrir hönd þjóðarinnar. Þannig næst sátt við þjóðina um kvótakerfið sem er jú ágætis kerfi þegar öllu er á botninn hvolft. Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra er sjávarútvegsráðherra Íslendinga allra en ekki bara sjávarútvegsráðherra útgerðarmanna.

Jón Steinsson bendir á annan áhugaverðan punkt í grein sinni og það er að „sjávarútvegsfyrirtækin sem veitt hafa makrill á síðustu árum hafa að mestu getað notað þau skip og þann tækjabúnað sem þau áttu hvort sem er og var ekki fullnýttur þar sem veiðar á uppsjávarfirski eiga sér stað í skorpum. Makrill var hreinn bónus fyrir uppsjávarfyrirtækin sem var hægt að sækja í milli þess sem þau sóttu í loðnu og síld“.

Fjárfesting fyrirtækjanna er því óveruleg og engin rök sem mæla með því að gefa örfáum sægreifum milljarða í formi makrillkvóta.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Rauðir dagar 18.-22. nóvember

Er fólk nokkurn tíma of gamalt til að spara?

- Já, eftir fimmtugt Já, 100 ára
 Já, við starfslokaaldur Nei, sparnaður gagnast alla ævi

Mánudagur 18.11. kl. 10.00

Fræðslufundur um lykilatriði varðandi sparnað á efri árum. Íslandsbanki Höfðabakka.

Við bjóðum góða þjónustu



FRÁ DEGI TIL DAGS

Skilaboð til kvenna

Heiða Kristín Helgadóttir, framkvæmdastjóri Bjartrar framtíðar, gagnrýndi sjálfstæðismenn harkalega í þættinum Sunnudagsmorgunn hjá Gísla Marteini í gær. Hún sagði um að ræða „hræðilega ömurleg skilaboð til kvenna í stjórnárum“, þar sem þrjár efstu framþjóðendur á lista Sjálfstæðisflokksins eftir prófkjör laugardagsins eru karlmenn. Það hlýtur að teljast nokkuð óvænt skoðun frá Heiðu sem ásamt félögum sínum í Besta flokknum buðu einmitt upp á þrjá karla í efstu sætum fyrir fjórum árum. Það er vert umhugsunar-

efni hvaða skilaboð Besti flokkurinn var að senda til kjósenda með þeirri uppstillingu.

Ögurstund þjóðar

Kirkjubing var sett á laugardag. Í ávarpi við upphaf þingsins sagðist Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra undrast að öllu sem heitið gæti trúarlegt væri haldið frá skólabornum. Þá sagði Hanna Birna: „Á ögurstundum í lífi þessarar þjóðar getur þetta ekki verið forgangsmál. Það getur ekki talist til öflugra eða mikilvægra verkefna eða viðfangsefna stjórns-

málanna að forða börnunum okkar frá boðskap um kristni og kærleika.“ Velta má fyrir sér hvaða ögurstundar innanríkisráðherra er þarna að vísa til. Er þjóðin þannig stödd að öll mál sem ekki teljast meiri háttar verði að bíða? Það má nefna að meðal þeirra mála sem tekin hafa verið fyrir á Alþingi að undanförunu eru landsáætlun um meðhöndlun úrgangs, plastpöknotkun, merking á vörum frá Palestínu og upptaka gæðamerkisins „broskallinn“. Einhverjir myndu telja hlutlausu trúarbragðafraeðslu nokkuð sambærilega þessum málum á mikilvægiskvarða.

fanney@frettabladid.is

HALLDÓR



Til varnar Agöthu Christie

MENNING



Jakob F. Ásgeirsson rithöfundur og útgefandi Agöthu Christie á Íslandi

Í Fréttablaðinu um daginn gat að líta kyndugan ritdóm eftir Jón Ingva Jóhannesson um nýja bók eftir Ragnar Jónasson, Andköf. Ritdómurinn bar yfirskriftina „Agatha Christie á Íslandi“.

Flestir hafa væntanlega haldið að ritdómur með slíka yfirskrift væri jákvæður í hæsta máta, en svo undarlega brá við að ritdómurinn notaði nafn Agöthu Christie til að varpa rýrð á Ragnar og bók hans. Ritdómurinn virtist líta svo á að bækur Agöthu Christie væru „gamaldags“ og ófrumlegar.

Þótt allir hafi ekki smekkt fyrir Agöthu Christie – rétt eins og gengur og gerist um alla rithöfunda – vekur nokkra furðu að sjá slíka sleggjudóma í viðlesnu blaði, enda ganga þeir í berhött við það orð sem nú fer almennt af Agöthu Christie og bókum hennar.

Fyrir skömmu var Agatha Christie valin besti glæpasagnahöfundur allra tíma af félagi glæpasagnahöfunda, Crime Writer's Association. Nokkrar bækur hennar eru jafnan í efstu sætum á listum yfir bestu glæpasögur sem skrifaðar hafa verið. Crime Writer's Association valdi nýverið The Murder of Roger Ackroyd bestu glæpasögu í heimi.

Tek ofan hatt minn

Á hverju ári seljast yfir fjórar milljónir eintaka af bókum Agöthu Christie, en 37 ár eru

→ Nú hef ég ekki lesið bók Ragnars Jónassonar en sé hún [...] raunverulega í stíl Agöthu Christie tek ég ofan hatt minn fyrir Ragnari Jónassyni.

nú frá andláti hennar. Allar bækur hennar eru til í nýjum útgáfum í heimalandi hennar, eru „in print“ eins og það heitir á ensku, en slíkt er nánast einstakt um jafnafkastamikinn höfund frá fyrri tíð.

Nýjar sjónvarpsmyndir eftir sögum Agöthu Christie eru meðal vinsælasta sjónvarpsefnis í heimi. Enn er leikrit hennar, Músagildran, sýnt fyrir fullu húsi í St Martin's-leikhúsinu í London 61 ári eftir frumsýningu og hefur ekkert leikrit verið sýnt jafnlengi samfleytt.

Á 120 ára „afmælisdegi“ Agöthu Christie, 15. september 2010, tóku hinir ungu stjórnendur Google upp á því að breyta lógói Google-síðunnar þann dag henni til heiðurs.

Það skýtur því sannarlega skökku við að gefa í skyn að Agatha Christie sé gamaldags í hugum nútíma lesenda. Engar glæpasögur í víðri veröld hafa staðist tímans tönn eins og sögur Agöthu Christie.

Nú hef ég ekki lesið bók Ragnars Jónassonar en sé hún – söguþráður jafnt sem andblær – raunverulega í stíl Agöthu Christie tek ég ofan hatt minn fyrir Ragnari Jónassyni.

Að bjarga íslenskunni

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
ríthöfundur

Sérlega vel tókst til með verðlaun Jónasar Hallgrímssonar að þessu sinni og var allt í anda skáldsins góða: Jórunn Sigurðardóttir er eldsál sem hefur fjallað af ástríðu um bókmenntir í útvarpið um árabíl og notaði aldeilis tækifærið til að lesa þeim pistilinn sem vilja sjoppuvæða þá stofnun sem hún starfar fyrir, Ríkisútvarpið. Og Ljóðaslammíð hjá Borgarbókasafninu er eitt skemmtilegasta framtak seinni ára í því að efla áhuga og vitund ungs fólks um möguleika og erindi ljóðlistarinnar.

Og ekki síst: það er löngu tíma-bært að vekja rækilega athygli á því þjóðþrifastarfi sem sinnt er af Máltæknisetri við furðu lítinn skilning og hvað þá stuðning þeirra stjórnmalámanna sem við búum við. Í þessu starfi er fremstur í flokki Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor í íslenskri málfraði við HÍ, sem annars er kunnur fyrir frjálslyndi sitt í málfarsefnum og andstöðu við málumvöndunarmenn. En hann er samt sá maður sem nú stendur í fararbroddi við að bjarga íslenskunni.

Um það snýst starf Máltækniseturs. Löngun til að íslenskan dugi áfram í nýju umhverfi. Vonandi verður þessi viðurkenning til að opna augu stjórnmalámann-

anna sem virðast vilja láta reka á reiðanum í þessu sem öðru. Vonandi nota þeir nú 350 ára afmæli Árna Magnússonar, sem á sínum tíma bjargaði íslenskum menningarverðmætum frá glötun, og fara að styðja myndarlega starfsemi Máltækniseturs sem gæti bjargað íslenskri tungu í því nýja samfélagi sem við okkur blasir á nýrri öld.

„Sími sem skilur þig“

Við munum í nálægri framtíð nota einhvers konar vélmanni til þess að létta undir með okkur við ýmis úrlausnarefni daglegrar tilveru, stór og smá. Við munum tala við tækin í æ ríkari mæli eftir því sem fram líða stundir. Við munum gefa þeim skipanir og þau síðan bregðast við. Málið snýst um það hvort barnabörnin okkar nota íslensku þegar þau tala við ryksuguna sína, sláttuvélina, símann eða bílinn, sem vonandi á einhvern tímann eftir að komast af því 19. aldar stigi sem honum hefur verið haldið á fram á síðustu ár.

Nú er ástandið þannig að ekki má einu sinni vekja athygli á því að Samsung-símar skilja okkur þegar við tölum íslensku við þá en símar frá Apple gera það ekki. Auglýsing sem vakti athygli á þessari grundvallarstaðreynd á spaugilegan hátt var umsvifalaust bönnuð af samkeppnisyfirlöndum, rétt eins og þetta eigi að vera feimnismál eða skipti engu máli. En þetta skiptir máli. Þetta skiptir höfuðmáli.

Sagan kennir okkur að tungumál þarf að nota á sem flestum sviðum tilverunnar eigi það að

Sagan kennir okkur að tungumál þarf að nota á sem flestum sviðum tilverunnar eigi það að lifa.

lifa. Hvers vegna ættum við að láta framtíðina ráðast af dyntum einhverra millistjórnenda hjá Apple-fyrirtækinu eða öðrum slíkum heimsvaldafyrirtækjum sem vilja að öll mannleg starfsemi fari fram á þeim forsendum sem þeim þóknast að útdeila – og rukka svo fyrir.

Ef við tölum alltaf ensku við ryksuguna okkar, bílinn, sláttuvélina, uppþvottavélina og sturtuna og ef við notum alltaf ensku í umhverfi tölvu og síma og tækni – þá hefur enskan þokast inn á ný svið tilveru okkar, tekið yfir svið þar sem við notuðum áður íslensku.

Svona deyja tungumál. Á því færrí sviðum sem þau eru notuð er þeim mun meiri hætt á því að þau trénnist upp og deyi. Þau deyja ekki úr þágufallssýki eða hljóðvillu heldur af notkunarleysi. Þau deyja þegar þau eru bara til hátíðarbrigða, bara til spari. Tungumálið er því aðeins lifandi að það sé notað í daglegu lífi í hinu allra hversdagslegasta samhengi.

Frumskylda íslenskra stjórnmalámanna

Og er það ekki allt í lagi, spyrja sennilega einhverjir – þó að íslenskan hverfi? Nei. Ef við Íslendingar varðveitum ekki þetta tungumál gerir það enginn annar. Þá fara menningar-



RÚV Jórunn Sigurðardóttir hefur fjallað af ástríðu um bókmenntir í útvarpið.

verðmæti forgörðum. Mannkynið verður einu tungumálinu fátækara, einum hugsunarhættinum, einni tegundinni af mennsku og aðferð við að fást við heiminn. Þegar tungumál deyr hverfur með því heill menningarheimur. Íslenskan er verðmæti í sjálfu sér.

Það er frumskylda íslenskra stjórnmalámanna að stuðla að því að íslenska lifi áfram við nýjar aðstæður. Þetta er hægt að gera og aðrar þjóðir allt í kringum okkur gera þetta unnvörpum: það þarf að safna orðaforða og tæknivæða hann. Þetta er tímafrekt nákvæmnisverk sem kallar á vissa sérþekkingu – en þetta er alveg gerlegt.

Það þarf viðhorfsbreytingu hjá sumum fyrirtækjum, eins og til að mynda Apple á Íslandi sem á ekki að lögþækja keppinauta fyrir

að benda á að þeir eru komnir fram úr þeim á því sviði að aðlaga umhverfi sitt íslenskri tungu – heldur að mæta þeim í samkeppni og gera betur.

Stjórnmalámenntir og embættismennirnir í Menntamálaráðuneytinu verða að rumska. Til að hægt sé að inna af hendi þetta starf þarf sem sé svolitla peninga – alls ekki mikla; við erum ekkert að tala um jarðgangakostnað hér. Eins og málum er háttáð um þessar mundir fær þessi starfsemi ekki neitt fé – ekki krónu. Það fær ekki heldur neitt úr rannsóknarsjóðum enda ekki hægt að sýna fram á að frumlegar niðurstöður komi út úr starfinu: allt liggur fyrir um það sem þarf að gera.

Og þá er bara að drífa í þessu. Það er ekki nóg að veita mönnum verðlaun og klapp á bakið.

Lestrarhvatning

Upp á síðkastið hef ég nokkrum sinnum heyrt Illuga Gunnarsson menntamálaráðherra ræða skólamáli. Í öll þessi skipti var honum hugleikið hversu illa strákar stæðu sig í lestri, nefndi tölur úr PISA-könnuninni 2009 og sagði að

MENNTUN



Líf Magneudóttir fulltrúi VG í skóla- og frístundaráði RVK

einn af hverjum tíu strákum gæti lesið sér til gagns á móti einni af hverri fjórum stelpum. Hann ræddi aldrei hugsanlegar ástæður fyrir slökum lesskilningi eða mögulegar leiðir til úrbóta. Illugi virðist falla í sömu gryfju umræðuhefðarinnar og aðrir sem eru of uppteknir af því að tala um og minna reglulega á vandann í stað þess að reyna að uppræta hann og finna ásættanlegar lausnir.

Lestrarvandi ungmenna er ekki nýr af nálinni eins og mýrmargar rannsóknir á lestri sýna. Flestir fræðimenn telja að gott lestraruppeldi skipti höfuðmáli fyrir ánægju og notagildi lestrar. Lestrarátök í skóla, yndislestur og hvatning hafa reynst vel við að auka ánægju barna af bókum og lestri og geta kennarar staðfest það. Það má þó ekki einblína einungis á þátt skólanna í lestraráhruga og -getu barna og unglinga. Við verðum að horfa á samfélagið í heild og m.a. velja fyrir okkur uppeldisaðferðum og ólíkum kröfum til drengja og telþna. Gefum við okkur kannski að drengjum leiðist að lesa og höldum því síður að þeim bókum? Hafa uppeldisaðferðir áhrif á viðhorf drengja til náms og lestrar? Fá telþur hugsanlega meiri hvatningu og aðhald heima og í skólum til lestrar og náms heldur en drengir? Eru gerðar minni námskröfur til drengja en telþna?

Purfum úthald og seiglu

Það er freistandi að svara játandi og skella skuldinni af áhugaleysi

→ Við þurfum að varast að setja drengi og telþur í fyrirframgefna hópa.

drengja á uppeldisvenjur og félagslega tilbúin kyn en vitaskuld verður að horfa til fleiri þátta til að takast á við „lestrarvandann“. Jákvætt umhverfi, félagsaðstæður og fyrirmyndir vega þungt í góðu lestraruppeldi. Við þurfum að varast að setja drengi og telþur í fyrirframgefna hópa. Við þurfum að lesa fyrir öll börn og kynna þau fyrir bókum og ekki gefa okkur að áhugi þeirra miðist við hugmyndir samfélagsins um kyn þeirra. Með því fækkum við tækifærum barna að uppgötva sig á eigin forsendum.

Nú er skiljanlegt að Illugi haldi að meginvandi drengja í skólakerfinu sé slök lestrarkunnátta, því þannig hefur umræðan lengi verið. Hann er hins vegar í einstakri stöðu til að blása til sóknar og upphéfa lestur og bækur en ekki bara ræða þennan tiltekna vanda. Til þess getur hann fengið í lið með sér fagmenntað fólk, hvatt foreldra og nærsamfélagið til að vera fyrirmyndir barna í lestri og hann getur sett jafnréttismálin í forgang og reynt að uppræta staðalímyndir í skólakerfinu. Það mætti líka taka skólakerfið og menningu þess til gagnarrar endurskoðunar og innleiða kynjafræðikennslu á öllum skólastigum.

Árangur ungmenna í lestrarönnunum PISA færir hægt upp á við (þ.m.t. drengja). Við þurfum úthald og seiglu og trú á unga fólkinu okkar enda eru það fyrst og fremst hagsmunir þess að geta lesið sér til gagns og gamans. Börn eiga skilið að við tölum í lausnum og á uppbyggilegum nótum en bendum ekki stöðugt á hvað þau geta ekki. Þegar öllu er á botninn hvolft gengur okkur alltaf betur með hvatningu og uppörvun en þegar eilíflega er verið að tala úr okkur kjarkinn. Vonandi hefur menntamálaráðherra það hugfast næst þegar hann talar um skólamáli.

ANTIKÚTSALA

20-50% AFSLÁTTUR

ANTIK BUDIN

HAFNARFIRÐI
552 8222 - 867 5117
antikbud@gmail.com

Jóí Fel

BAKARÍ

Funda- og veisluþjónusta að hætti Jóa Fel



BEIKON-SAMLOKUBAKKI

Baguette, beikon, sveitaskinka, salat, sinnepssósa, paprika, ostur og BBQ-sósa.



CIABATTA- OG KALKÚNABAKKI

Kryddað ciabattabrauð, kalkúnaskinka, steiktir sveppir, salat, paprika og hvítlaukssósa.



BRIE-SAMLOKUBAKKI

Baguette, salat, brie ostur, tómatar, laukur og sósa.



ÓLÍFU-SAMLOKUBAKKI

Hvítlauks- og ólífúostabrauð, salat, sveitaskinka, tómatar, laukur og hvítlaukssósa.

Verð per. mann 945 kr.-

PÖNTUNARSÍMI: 588 8998

www.joifel.is

Tölum saman – vinnum saman!

Umræðan um kennarastarfið og framhaldsskólana undanfarnar vikur hefur verið niðurdrepanði. Upphrópanir eins og „stytting náms til stúdentsprófs“ bæta ekki sjálfsmynd stéttarinnar og hugmyndir almennings um menntakerfið. Þeir sem hrópa hæst, tala menntakerfið og starf kennaranna niður á meðan þeir ættu einmitt að gera þveröfugt. Alla fræðilega umræðu vantar, engar úttektir á sannri stöðu framhaldsskólanna eru gerðar og samvinna skortir sárlega. Það er ekki raunhæft að hrópa.

Í framhaldsskólum landsins fer fram vinna að stórtækum kerfisbreytingum sem geta m.a. leitt til styttra náms til stúdentsprófs. Kennarar og starfsgreinaráð eru í óðaönn að endurskipuleggja allt nám í takt við ný framhaldsskólalög sem taka eiga gildi árið 2015. Upphrópanirnar skapa ekki vinnufrið, við vitum ekki hvort öll okkar vinna nýtist eða ónýtist þar sem samtal og samvinna vantar milli okkar og þeirra sem hrópa. – Af hverju þessi hróp þegar vinna að mikilvægum breytingum á sér stað? – Af hverju ræðum við ekki einfaldlega saman? Og finnum málinu farveg sem er nemendum í hag. Þeir eru jú aðalatriðið er það ekki?

Velja stúdentspróf
Stytting námstíma til stúdentsprófs er af hinu góða ef hún er unnin rétt. Núna er staðan sú, eins og fram kom í máli Gylda Þorkelssonar í grein sinni „Hlauptu, krakki hlauptu“ á vef Kennarasambands Íslands, að 95% hvers árgangs sem lýkur grunnskóla fara í framhaldsskóla. Þrátt fyrir töluvert framboð iðnnáms og styttri brauta annarra en hefðbundinna stúdentsprófsbrauta í framhaldsskólum virðast flestir 16 ára unglingar sækja mest inn á stúdentsprófsbrautir. Til samanburðar fara um 40% árgangs finnskra ungmenna inn á verknámsbrautir; Finnar þekkja vart brottfall (sjá: Cedefop. 2012. Finland, VET in Europe – Country report).

Brottfall er alþekkt vandamál á Íslandi og má vafalítið m.a. rekja til þessa háa hlutfalls nemenda sem sækir á beinar stúdentsbrautir. Margir finna sig ekki í því námi sem þeir völdu, ráða illa við það og gefast upp og hætta eða skipta um nám sem leiðir til lengri skólavistar en þörf er á. Ég fæ ekki séð hvernig bein stytting, eins og rædd hefur verið undanfarið, kæmi núverandi brottfallshópi til góða enda hafa engin haldgóð rök komið fram um að stytting námsins muni minnka brottfall. Brottfall er kostnaðarsöm breyta sem hægt væri að lækka umtalsvert með nýrri hugsun og nýjum leiðum.

Markviss samvinna
Stefnuleysi og róleysi nemenda er ein nokkurra orsaka brottfalls. Í framhaldsskólum fer engin markviss starfskynning fram, samvinna framhaldsskóla og atvinnulífs er takmörkuð við iðnbrautir og ungmenni þekkja lítið sem ekkert þau atvinnutækifæri sem þeim bjóðast í framtíðinni. Hér blasir við tækifæri og nú er lag.

MEINTUN



Sigrún Birna Björnsdóttir framhaldsskólakennari

→ Þeir sem hrópa hæst, tala menntakerfið og starf kennaranna niður á meðan þeir ættu einmitt að gera þveröfugt.

Atvinnulífið kvartar sáran undan því að framhaldsskólar þjóni illa hagsmunum þeirra og mennti ekki starfskrafta til framtíðar. Samvinna þessara tveggja meginstoða íslensks hagkerfis væri ein leið og kæmi öllum vel. Saman getum við skipulagt markvisst grunnstarfsnám sem byggðist á því að óráðnir nemendur framhaldsskóla gætu valið að fara í starfskynningaráfanga og einfalda þjálfun í ákveðnum störfum undir ströngu regluverki og nákvæmri markmiðssetningu. Þannig færi nemandinn út á vinnumarkaðinn og öðlaðist dýrmæta reynslu og þekkingu sem hann fær ekki inni í skólanum. Um leið er líklegt að nemandinn gerði sér gleggri mynd af þeirri framtíð sem bíður og kæmi auga á leiðina sem hann vill fara. Hvenær á námstímanum og hvernig kynningin færi fram mætti útfæra síðar en samvinna eins og hér um ræðir kæmi öllum vel. Í beinu framhaldi gætu framhaldsskólar og atvinnulíf skipulagt saman við-eigandi námsbrautir.

Samvinna eins og þessi yrði farsæl og mun betri leið til að minnka brottfall, vísa nemendum á greiðfæra braut og stytta um leið núverandi námstíma þeirra sem er of langur. Illa ígrunduð, órannsökuð og vanunnin stytting mun skemma meira en bæta. Tölum frekar saman og vinnum saman – það er öllum í hag!

MIKIÐ ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

Óruggur og nettur sparibaukur

Vertu með!

FERÐAFJÖR NOTAÐRA BÍLA
Kauptu notaðan bíl af Brimborg og þú átt möguleika á að vinna **400.000 KR.** GJAFABRÉF FRÁ WOW^{air}*

Hvert myndir þú fara?

► **Tilboð: 1.790.000 kr.**
Citroën C3 Seduct. Airdream PLB51
Skráður apríl 2012, 1,6 dísil, beinskiptur Ekinn 63.000 km. Í ábyrgð
Ásett verð: 1.990.000 kr.

► **FINNDU BÍLINN ÞINN Á NOTADIR.BRIMBORG.IS**

Sparneytinn, vel búinn og óruggur

► **Verð: 3.990.000 kr.**
Volvo S40 Momentum D3 MBF22
Skráður september 2011, D3 dísil, sjálfskiptur Ekinn 36.000 km. Ásett verð: 4.290.000 kr.

Fyrir stórfjölskylduna, 7 manna

► **Tilboð: 3.490.000 kr.**
Mazda5 Advance MPV OES41
Skráður apríl 2013, 1,6 dísil, beinskiptur Ekinn 24.000 km. Ásett verð: 3.690.000 kr. Í ábyrgð

Skoðuðu úrvalið á

NOTADIR.BRIMBORG.IS

Notaðir bílar - Brimborg

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



Óruggur staður til að vera á

*Allir sem kaupa notaðan bíl af Brimborg á tímabilinu 7. nóvember 2013 til og með 20. desember 2013 fara í pott. Einn heppinn vinningshafi verður svo dreginn út 23. desember 2013 og fær hann 400.000 kr. gjafabréf frá WOW air. Athugið á ekki við um umbodsslöubla.

NÝ LED SMART TV
7005 & 8005 LÍNUR FRÁ

SAMSUNG

Meðal nýjunga frá Samsung:

- Sjónvarpið mælir með sjónvarpsefni byggt á áhorfi þínu.
- Innbyggð myndavél sem þekkir andlit, hentar vel í Skype myndsímtöl.
- Stjórnaðu tækinu með rödd og handarhreyfingum.
- Uppfærslu möguleiki með „Smart Evolution“ kubbum.
- Auðvelt að streyma efni frá sjónvarpinu yfir á spjaldtölvuna og snjallsímann og öfugt.
- Snjallsjónvarp (Smart-TV) sem stjórnað er með háþrúðum aðferðum.

40" = 329.900.-
46" = 389.900.-
55" = 599.900.-
60" = 849.900.-



UExxF7005ST 800 CMR

Njóttu glæsilegrar hönnunar og framúrskarandi myndgæða

SJÓNVÖRPIN FRÁ SAMSUNG ERU EINSTÖK GÆÐATÆKI OG MARG VERÐLAUNUÐ UM HEIM ALLAN



UExxF8005ST 1000 CMR



Glæsilegt verðlaunatæki

40" = 379.900.-
46" = 479.900.-
55" = 699.900.-
65" = 999.900.-
75" = 1.890.000.-

HLJÓMTÆKI

HW-F751



Bluetooth™

Hágæða heimabíóstæða – "Soundbar" við sjónvarp og hljómtæki með afspilun frá snjallsíma og USB. Stútfull af hátækni. Til í mörgum stærðum. Verð: 189.900

SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

PETTA GERDIST: 18. NÓVEMBER 1960

Poppstjarna fæddist

Breska poppstjarnan Kim Wilde fæddist þennan dag í vesturlhuta London árið 1960. Hún var elsta dóttir Marty Wilde og Joyce Baker sem var meðlimur söng- og dansgrúppunnar The Vernon Girls. Kim var plötusnúður og sjónvarpskynnir sem skaut upp á breska vinsældalistann með laginu Kids in America árið 1983. Kim tók við Brit-verðlauninum sem besta breska söngkonan árið 1987. Hún hefur selt yfir tíu milljónir plötna á heimsvísu og tuttugu milljónir smáskífa. Kim Wilde var ein vinsælda poppstjarna nýunda áratugarins en árið 1998 ákvað hún að verða skráðgarðyrkjumaður.



KIM WILDE fæddist á þessum degi árið 1960.

MERKISATBURÐIR

- 1626** Péturskirkjan í Róm vígð af Úrbanusi 8. páfa, en bygging hennar hófst árið 1506.
- 1709** Biskupsstofan á Hólum í Hjaltadal brennur. Mikið af verðmætum tapadist.
- 1897** Blaðamannafélag Íslands er stofnað.
- 1939** Margaret Atwood, kanadískur rithöfundur, fæðist.
- 1962** Niels Bohr, danskur eðlisfræðingur og Nóbelsverðlaunahafi, andast.
- 1981** Áttunda hrina Kröfluelda hefst. Stóð hún í fimm daga.
- 1982** Vilmundur Gylfason gengur úr Alþýðuflokknum og stofnar Bandalag jafnaðarmanna.
- 1993** Írski drengiahljómsveitin Boyzone var stofnuð.
- 2007** 101 námuverkamaður lét lífið í námusýsi í Úkraínu.



PÉTURSKIRKJAN Vígð af Úrbanusi 8. á þessum degi árið 1626.

+

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

FJÓLA SIGURÐARDÓTTIR
Krummahólum 25, Reykjavík,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans föstudaginn 8. Nóvember. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 19. nóvember kl. 13.00. Sérstakar þakkir fær starfsfólk 11-G á Landspítalanum fyrir hlýtt viðmót og góða umönnun.

Guðlaugur Jónas Guðlaugsson
Sigríður Guðlaugsdóttir
Guðlaugur Guðlaugsson
Gunnar Guðlaugsson
Sveinbjörn Guðlaugsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Guðrún Pétursdóttir
Anna Guðjónsdóttir
Sigurrós Magnúsdóttir

+

Okkar elsku yndislegi sonur, bróðir og frændi,

HELGI RAFN OTTESEN

lést þriðjudaginn 12. nóvember. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 19. nóvember kl. 15.00.

Pórhallur Ottesen
Valdís Ósk Ottesen
Alexander Helgi Ottesen

Elin Margrét Jóhannsdóttir

Dagbók Jóhannesar kemur fyrst út í Kína

Dagbók Jóhannesar úr Kötlum úr vináttuheimsókn til Kína árið 1952 kom út í Kína nýlega í tilefni af 60 ára afmæli Kínversk-Íslenska menningarfélagsins.

Komin er út Dagbók Jóhannesar úr Kötlum úr vináttuheimsókn til Kína árið 1952, á kínversku. Í kjölfar ferðarinnar var Kínversk-Íslenska menningarfélagið, Kím, stofnað árið 1953 og er útgáfa bókarinnar í tilefni af 60 ára afmæli þess. Þýðingin og útgáfa dagbókarinnar á íslensku og kínversku er samvinnuverkefni sendiráðs Íslands í Peking og Háskóla erlendra fræða í Peking, BFSU, þar sem íslenska er meðal námsgreina. Haldið var upp á útgáfuna með útgáfuhátíð og tónleikum kammertríós Guðrúnar Birgisdóttur, Selmu Guðmundsdóttur og Martial Nardeau í BFSU í lok október.

Rektor BFSU, Han Zhen, flutti ávarp á hátíðinni, ásamt Ragnari Baldurssyni sendifulltrúa, Arnþóri Helgasyni, vináttusendiherra og formanni Kím, sem fór sérstaklega til Kína vegna útgáfunnar, og Xie Binbin, fulltrúa kínversku nemendanna sem þýddu bókina yfir á kínversku. Túlkur íslensku vináttusendinefndarinnar sem hélt til Kína undir forystu Jóhannesar úr Kötlum árið 1952, frú Ying Manru, sem nú er 85 ára gömul, tók líka til máls og



HÁTÍÐARGESTIR Hópur Kínverja og Íslendinga sem voru viðstaddir útgáfuna í Peking. Ying Manru er lengst til hægri í fremri röð og Arnþór Helgason vináttusendiherra við hlið hennar.

lýsti kynnum sínum af sendinefndarmönnum. Hún las klökkum rómi upp þjóðhátíðarljóðið 1. október, við

mikla hrifningu viðstaddra. Dagbók-arbrotin hafa ekki enn verið gefin út hér á landi.

Í samstarf um stofnun heilbrigðisækniseturs og nám í heilbrigðisverkfræði

Landspítalinn og HR skrifa undir samstarfssamning um þjónustu, rannsóknir og kennslu.

Landspítali (LSH) og Háskólinn í Reykjavík (HR) hafa skrifað undir samstarfssamning um þjónustu, rannsóknir og kennslu á sviði heilbrigðisverkfræði og stofnun heilbrigðisækniseturs. Stefnt er að því að útvíkka samstarf Háskólans í Reykjavík og Landspítala þannig að það nái yfir fleiri starfssvið.

„Samningurinn er afar mikilvægur til þess að tryggja framþróun í heilbrigðisverkfræði, bæði hvað varðar tæknina sjálfa og þann mannauð sem nauðsynlegur verður til þess að sinna lækningatækjum og hvers kyns tækni til lækninga. Við á Landspítalanum fögnum því að vera virkir þátttakendur í þessari vegferð,“ segir Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala, þegar hann er spurður út í samstarfið.

Markmið með samningnum er að skapa umgjörð og sérhæfða aðstöðu við HR og LSH fyrir kennslu, rannsóknir og þróunarverkefni á sviði heilbrigðisverkfræði, meðal annars með því að koma á fót heilbrigðisæknisetri. Setrið er rekið sameiginlega á vegum LSH og HR, og er í húsnæði HR við Nauthólsvík. Þar verður rekin sú vísinda- og þróunarstarfsemi sem greininni er nauðsynleg og nýtist jafnt deildum LSH og HR.

Heilbrigðisverkfræði hefur verið kennd við tækni- og verkfræðideild HR undanfarin átta ár og hefur verið óformlegt samstarf milli HR og Landspítalans frá upphafi. „Þetta er mikilvægt skref. HR hefur í mörg ár átt mjög gott samstarf við Landspítala - háskólasjúkrahús bæði í



SAMSTARF HR OG LSH Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga við LSH, Magnús Gottfreðsson, yfirlæknir vísindaeildar Landspítalans, Ari Kristinn Jónsson, rektor HR, Páll Matthíasson, forstjóri LSH, Haraldur Auðunsson, sviðsstjóri heilbrigðisviðs tækni- og verkfræðideildar HR, og Guðrún Sævarsdóttir, deildarforseti tækni- og verkfræðideildar.

námi og rannsóknum, en Landspítalinn hefur meðal annars verið bakhjarl náms í heilbrigðisverkfræði. Með þessum samningi festum við samstarfið í sessi og styrkjum það til framtíðar,“ segir Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík.

Samkvæmt samningnum mun HR annast menntun háskólanema í heilbrigðisverkfræði og bera faglega ábyrgð á kennslu greinarinnar auk þess að standa fyrir rannsóknum á sviði heilbrigðisverkfræði. HR mun taka þátt í þróun á tækni og notkun

hennar við lækningar, hjúkrun og aðrar greinar á Landspítalanum. Þá mun LSH koma að verklegu námi nemenda í heilbrigðisverkfræði við HR og leggja til húsnæði og aðstöðu fyrir þá meðan þeir eru í verknámi. Samkvæmt lögum um heilbrigðisstofnanir ber LSH meðal annars að annast starfsnám háskólanema, annast vísindarannsóknir á heilbrigðisviði og gera háskólamenntuðu fagfólki kleift að sinna fræðastörfum, með því að veita þeim aðstöðu til rannsókna.

marinmandaa@frettabladid.is

Haustútsala

20-30% afsláttur

Granithöllin
Legsteinar

Bæjarhrauni 26 - Hafnarfirði
Sími 555 3888 - granithollin.is

Vissir þú að...

holl og góð fæða stuðlar að líkanlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



SYKURPÚÐI

Irving Harper hannaði Marshmallow-sófann eða sykarpúða-sófann fyrir George Nelson árið 1956.

MABEF

25% afsláttur af öllum málaratrönum til jóla.

Basic Studio M09
Verð : 34.205.-



Verð nú: 25.654.-
Með 25% afslætti

Basic Lyre M13
Verð : 19.770.-



Verð nú: 14.828.-
Með 25% afslætti

LISTALAGERINN
JARN&GLER

Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h.
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 58 58 908. www.jarngler.is

UNGLEGRI LÍKAMI

CELCUS KYNNIR Húðin verður unglegri, líkaminn hraustari og hár og neglur sterkari með kollagen-fæðubótarefninu PureLogicol sem dregur úr fínum línunum húðarinnar, eykur raka hennar, almenna vellíðan og liðleika.

PureLogicol er árangursrík leið til að viðhalda heilbrigðu magni kollagens í líkamanum og hefur í för með sér að húð, hár og neglur styrkjast og verða unglegri,“ segir Anna Björg Hjartardóttir, framkvæmdastjóri Celcus heilsu- og hjúkrunarvara.

Kollagen er öflugasta byggingarprotín líkamans og eru allt að 75 prósent húðar, hárs, nagla og liðvefja líkamans úr kollageni. Með aldrinum hættir líkaminn smám saman að framleiða kollagen og það brotnar niður í líkamanum.

„Kollagen samanstendur af vatnsleysanlegum peptíðum sem eru rík uppspretta aminosýra sem eru aðal uppbyggjarefni líkamans. Kollagen-uppbót, í formi fæðubótarefnis, getur hjálpað við auka myndun kollagens með því að örva starfsemi bandvefsfruma sem bera ábyrgð á náttúrulegri framleiðslu kollagens í líkamanum,“ útskýrir Anna Björg.

Eftir að ástand húðar batnar heldur hún betur raka og verður þéttari og mýkri. Þá meðtekur hún betur vönduð krem og fegrunaraðgerðir, þannig að allt hjálpast að.

„Aukið magn kollagens stuðlar að betri liðheilsu og vellíðan. Allir liðvefir verða bæði sterkari og fjaðurmagnaðri sem gefur líkamanum afgerandi unglegra yfirbragð.“

Anna Björg segir ánægjulegt að algengt sé að finna strax betri, dýpri og meira endurnærandi svefn.

„Margir tala um að hafa ekki sofið jafn vel í áráraðir. PureLogicol er enda uppbyggjandi kúr og greinilegur árangur bæði sýnilegur og finnanlegur næst innan þriggja til fjögurra vikna og heldur áfram að bæta sig við reglulega inntöku í allt að ár. Hve mikill árangur næst ræðst þó af aldri einstaklingsins, þyngd hans og tíðni efnaskipta.“

Mælt er með þriggja mánaða kollagen-kúr fyrir hámarks árangur og hægt



er að viðhalda árangrinum með daglegri inntöku færri hylkja.

„PureLogicol lagfærir og er fyrirbyggjandi til að hægja á hrörnun húðar og líkama. Fæðubótarefnið er eina kollagen-formúlan sem niðurstöður hlutlausra klínískra rannsókna hafa sýnt að bæti almennt heilbrigði húðar.“

Í PureLogicol er einungis notað kollagen í hæsta gæðaflokki. Framleitt eftir ISO9001. Fæst í apótekum, Grænni heilsu, Lifandi markaði og Fríhöfninni.

LJÓMI

PureLogicol dregur sýnilega úr fínum línunum & hrukkum og húðin fær aukna fyllingu, þéttleika og ljóma. Að auki styrkjast hár og neglur og árangur sést og finnst á öllum líkamanum.

PURELOGICOL

Hrukkur og línur sléttast um 43%.
Húð þéttist, mýkist og raki eykst um 29%.
Svitaholur minnka um 35%.



HLEÐSLUTÆKI

Hleður og vaktar rafgeyminn þinn í vetur.

Tilvalin jólagjöf

15%
Jólaafsláttur af þessum fráþæru hleðslutækjum



12v 0,8A

12v 5,5A

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

TUDOR

Bíldshöfða 12 - 110 Rvík. - 5771515 - www.skorri.is

Jólagjafirnar í ár...



20% afsl.

IQ-CARE - Heilsukoddinn
Verð nú kr. 11.920.-



Saga / Freyja heilsudýnur á fráþæru verði



Rafdrifnir hægindasófar
Verð kr. 219.900.-
Rafdrifnir hægindastóllar
Verð kr. 119.900.-



20% afsl.

Vinsæli viðhaldskoddinn
Verð nú kr. 15.920.-



20% afsl.

Hágæða sængurverasett Mikid úrval



Vandaðir sloppar dömu/herra



Mikid úrval

Sængur, koddar, lök og hlífðardýnur



Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Reverie

REVERIE 3E Essential með IQ heilsudýnum
90x200cm x 2 rúm
Verð aðeins kr. 399.900.-

REVERIE 7S með IQ-Care heilsudýnum
90x200cm x 2 rúm
Verð frá aðeins kr. 499.900.-

12 mán.
vaxtalausr greiðslur*

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Gerðu gæða- og verðsamanburð

Plokkfiskur

hollur kostur á 5 mín.



ÓLÍKIR Bollarnir 210 eru nýjasta vara Ólafar Erlu, leirkerasmiðs í Kirsuberjatrénu, en í þá fer nákvæmlega sama magn af postulínsleir. MYND/ÓLÓF ERLA



ENGINN BOLLI EINS

HANDVERK Ólöf Erla Bjarnadóttir leirkerasmiður sendi nýverið frá sér mismunandi bolla sem þó eiga það sameiginlegt að í þá fer nákvæmlega sama magn af postulíni.

Bollarnir heita 210 því ég vigta nákvæmlega 210 grömm af postulínsleir í þá," útskýrir Ólöf Erla Bjarnadóttir, leirkerasmiður í Kirsuberjatrénu, en bollarnir eru meðal þess nýjasta sem hún sendir frá sér nú fyrir jólin. Spurð af hverju 210 grömm, segir hún það vera það magn sem hún venjulega notar til að renna meðalstóran bolla úr postulínsleir.

„Mig langaði hins vegar til að teygja mig eins og hægt væri í báðar áttir með þetta magn, í þykka og þunna bolla en samt þannig að þeir þjónuðu ákveðnu notagildi. Þeir stærstu eru næfurþunnir tebollar en þeir minnstu þykkir espresso bollar.“

Sjálf er Ólöf Erla mikil kaffimanneskja og drekkur ólíka kaffidrykki úr ólíkum bollum. Á kvöldin drekkur hún hins vegar te. „Nú til dags drekkur ein og sama manneskjan margvíslega drykki yfir daginn og það má segja að það hafi verið kveikjan að hugmyndinni. Ég byrja til dæmis sjálf á cappucc-

ino á morgnana, espresso í eftirmiðdaginn og svo te á kvöldin. Fyrir þetta þarf mismunandi bolla, þykkar lítinn bolla fyrir espresso og þunnan stóran bolla fyrir te.“

Hver 210 bolli er einstakur og ólíkur öllum hinum en þó má sjá svip milli þeirra, svo sem eins og hjá einstaklingum innan sömu fjölskyldu, útskýrir Ólöf Erla. Hún segir rennslu á leir ekki bara tækni heldur hafi hver rennari sín persónulegu einkenni svipað og pensildrættir hjá málara.

„Mín menntun og minn bakgrunnur er í listhandverki, þar sem hvert stykki er einstakt. Allir bollarnir eru glerjaðir með hlutlausum glerungi til að draga sem best fram mismunandi form og stærð hvers bolla. Ég vonast til að bollarnir sýni persónueinkenni mín sem rennara. Það er mjög gaman að vinna svona og ég á örugglega eftir að vinna fleiri hluti á þennan hátt, það er mismunandi hluti úr sama magni af leir.“

■ heida@365.is



LISTHANDVERK Ólöf Erla Bjarnadóttir segir hvern rennara hafa sín persónulegu einkenni svipað og málara hafa ólíka pensildrætti.



Allt að 100 klukkustunda vinnutími á hleðslu!



Höggheld taska fylgir
Fullkominn móttakari
Festing fyrir stiku
Hallamöguleiki 5°
Hleðslubatteri & hleðslutæki
Vatnsheldur samkvæmt IP66

Aðeins 199,000 kr + vsk
www.verkfaerihf.is



VERKFAERI EHF

Fræðslu- og myndakvöld

Mikilvægi hreyfingar fyrir stoðkerfi - Á sjókeip kringum Ísland

Í sal FÍ 20. nóvember, kl. 20:00

Jón Gunnar Þorsteinsson sjúkraþjálfari á Reykjalundi fræðir okkur um áhrif göngu á stoðkerfið, bein, liði og vöðva og um heilsusamleg áhrif í víðara samhengi.

Að loknu kaffihléi mun Gísli Friðgeirsson eðlisfræðingur segja okkur frá siglingu sem hann fór á sjókeip (kajak) kringum Ísland sumarið 2009.

Aðgangseyrir kr. 600, innifalið kaffi og kleinur
Allir velkomnir!



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS
Mörkinni 6 | 108 Reykjavík | S: 568 2533 | www.fi.is

MEÐ KAFFINU

Stökkar smákökur til að dýfa í rjúkandi kaffibollann eru einfaldar að gerð en tímafrekar í bakstri. Þær eru þó fyrirhafnarinnar fullkomlega virði.

SMÁKÖKUR MEÐ MÖNDLUM

- 3/4 bolli möndlur saxaðar
- 1/2 bolli súkkulaði saxað (eða þurrkuð trönuber)
- 3 egg
- 1 tsk. vanilludropar
- 2 bollar hveiti
- 3/4 bollar sykur
- 1 tsk. lyftiduft
- 1/4 tsk. salt

Þeytið eggin saman við vanilludropana. Blandið hveiti, sykri, lyftidufti og salti saman í aðra skál og hellið söxuðum möndlum og súkkulaði út í. Bætið þá eggjahærurni út í þurrrefnin og

hrærið saman. Skiptið deiginu í tvo hluta og mótið tvær lengjur á bökunarplötu, um það bil 18 cm langar og 8-10 cm breiðar. Bakið í 180 gráðu heitum ofni í 35 mínútur. Takið út úr ofninum og látið kólna á grind í 10 til 15 mínútur. Færið lengjurnar á bretti og skerið í sneiðar. Raðið sneiðunum á bökunarplötuna og bakið aftur í 10 mínútur. Snúið þeim við og bakið enn í 10 mínútur. Því lengur sem smákökurnar eru í ofninum því stökkari verða þær. Látið svo kólna áður en þeim er raðað í loftþétt box. Þannig geymast skotturnar í nokkrar vikur. www.joyofbaking.com



SMÁKÖKUR Einfaldar og góðar.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson**, kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



JÓLASKRAUT Á ÚTSÖLU

JÓLIN

Bandaríkjamenn eru jólabörn og nú eru allar verslanir þar í landi troðfullar af alls kyns jóladóti. Þakkargjörðarhátíðin er frekar seint þetta árið eða 28. nóvember. Daginn eftir hátíðina er svokallaður Black Friday en þá eru risaútsölur í öllum verslunum. Íslendingar geta nýtt sér þessar útsölur þótt þeir sitji heima því margar stórverslanir senda til Íslands. Ágætt er að skoða jóladótið á netsíðum núna og grípa síðan tækifærið að panta þegar útsölurnar hefjast. Reyndar eru margir kaupmenn þar vestra pírraðir á hversu seint þakkargjörðarhátíðin er og hafa sumir þjófstartað útsölum og bjóða nú þegar mikinn afslátt. Þeir sem hafa gaman af að skreyta umhverfi sitt utanhúss geta skoðað ótrúlegt úrval ýmissa figúra á netsíðum. Sömuleiðis þeir sem hafa gaman af ljósa-seríum, glitrandi jólatrjám eða fallegu inniskrauti.

SKILADAGAR Á JÓLAPÓSTI

Margir eru á síðustu stundu hver jól við að pósthleggja jóla-kortin og jólagjafirnar. Síðustu vikurnar fyrir jól liða hratt og því er ekki seinna vænna en að huga að síðustu skiladögum jólakorta og jólapakka innanlands og erlendis. Þeir sem ætla að senda jóla-kort og jólapakka innanlands geta miðað við fimmtudaginn 19. desember sem síðasta skiladag. Þeir sem ætla að senda jólakort og pakka til út-landa þurfa að vera öllu fyrr á ferðinni; síðasti skiladagur fyrir jólakort og pakka til Evrópulanda er 16. desember en 10. desember til landa utan Evrópu.

Öll jólakort má pósthleggja í póstkössum. Alla jólapakka þarf hins vegar að koma með á næsta pósthús en þau eru um 70 talsins og er að finna um allt land.

Nánari upplýsingar er að finna á skiladagar á postur.is eða hjá þjónustuveri Póstsins í síma 580 1200.



LOSNAÐU VIÐ FNYKINN

Það er einfaldara en þú heldur að losna við óþægilega lykt úr eldhúsinu.

FJÖGUR HÚSRÁÐ

Matargerð og þá sérstaklega steikingu og brasi fylgir oft óþægileg lykt sem loðir í loftinu. Hér eru nokkur húsráð sem draga snarlega úr lyktinni.

1 Settu vatn í litla skál. Kveiktu á eldspýtu og láttu hana loga í 7-10 sekúndur. Hentu eldspýtnni í vatnsskálina og lyktin gufar upp.

2 Settu vatn í pott. Skrældu appelsínu, sítrónu eða lime og settu borkinn út í vatnið. Láttu malla við vægan hita um stund. Sítrusilmur dregur veru-

lega úr vondri lykt. Eins má sjóða negulnagla eða vanillustöng.

3 Taktu fram öskubakka. Finndu til grenigrein. Kveiktu í öðrum endanum og leyfðu greininni að brenna upp í bakkanum. Grenilyktin mun brátt umlykja heimilið.

4 Settu smáveigis borðedik í skál. Láttu standa í eldhúsinu þar til lyktin hverfur.




SÍTRÓNA


Sítrusilmur dregur úr vondri lykt.



Baðherbergi



Skóhillur




Vandaðar hillur



Pottaskápar



Þvottahúsinréttingar



BAKPANKAR Það eru allir svo hressir. Í blöðunum segir mér hressst fólk hvað það borðar hressandi morgunmat og í útvarpinu malar hressst fólk í endalausri útöndun um hvað það sé hressst og hvað það sé hressandi að vera hress og les hressandi fréttir í blöðunum um hvað hressa fólkíð fær sér í morgunmat. Það er mjög hressandi. Ég hressist svo endanlega þegar hressa fólkíð birtist mér ljóslifandi í sjónvarpinu skælbrosandi, beislitað og hressst frá toppi til táar. Það sé stuð. Þetta er partýland, allir eru með skemmtiatriði.



NÚ stendur til að skera riflega niður til Ríkisútvarpsins og boðaðar uppsagnir eru óhressandi staðreynd. Hressa fólkíð getur þó prísað sig sælt yfir eigin hressileika því meira að segja þegar peningana þrýtur má borga hressu fólk fyrir að vera hressst og gefa öðru hressu fólk milliþónir og spjalla við það á hressu nótnum – löngu áður en tímabært er að vera hress, á sunnudögum. Það sem hins vegar gerir skemmtiatriði skemmtileg er það sama og bjargar jölunum frá því að vera mjög pirrandi – þau eru til-

brigði. Tilbrigði eru skemmtileg. Það sem er fágætt er dýrmætt. Surtsey er dýrmæt því þar er enginn. Geirfinnur er spennandi því hann er týndur og Sinfóníuhljómsveitin er meira ómissandi en Frostrósir þó færri mæti og enginn í palliétudragt. Og í heimi gegndarlaus hressileika eru leiðindi jólin.

JÓRUNN Sigurðardóttir útvarpskona fékk íslenskuverðlaun Jónasar Hallgrímssonar fyrir framúrskarandi menningarumfjöllun á blæbrigðaríkri íslensku. Við það tækifæri minnti hún á að almannaútlit getur aldrei verið fyrirtæki heldur sé það alltaf stofnun í samfélaginu.

RÚV er í þeirri frábæru aðstöðu að þurfa ekki alfarið að vera með auglýsingavæna stuðþætti sem sáldra frikeypis bíomiðum á hressa hlustendur heldur hefur það dýrmætt svigrúm til að búa til vandaða, alvarlega þætti sem fáir sjá og heyra. RÚV hefur með öðrum orðum leyfi, og meira að segja skyldu, til að vera óhressst. Og enda þótt Mary Poppins mæli með matskeið af sykri með meðalínu er ég viss um að engin heilbrigð barnfóstra eða lækni með vottaða háskólagráðu mæli með sykri í allt.



FJÓLSKYLDUSTUND Systurnar Áslaug, Gabriela og Sigríður Fransiska ásamt föður sínum, Friðriki Sophussyni. MYND/ALÍSA KALYANOVA



GLATT Á HJALLA Rannveig Jónsdóttir, systurnar Arna og Silja Hauksdætur og Friðriki Hjördís Geirsdóttir. MYND/ALÍSA KALYANOVA



FÖNGULEG Sigríður Thorlacius lagði málefnið lið. MYND/KOLFINNA MJÖLL ÁSGEIRSDÓTTIR



GLAÐAR MÆDGUR Frú Vigdís Finnbogadóttir ásamt dóttur sinni, Ástríði Magnúsdóttur. MYND/KOLFINNA MJÖLL ÁSGEIRSDÓTTIR



ÁNÆGÐ MEÐ KVÖLDIÐ Margrét Erla Maack í Bollywood-dressinu. MYND/ALÍSA KALYANOVA

Fögur á Fiðrildafögnuðinum

Mikil stemning var á Fiðrildafögnuði UN Women í Hörpu. Um eitt þúsund manns komu saman til að heiðra konur sem lifað hafa af sýruárásir og styrkja verkefni UN Women sem miða að því að uppræta slíkt ofbeldi.

Fjöldi íslensks listafólks lagði sam-tökunum UN Women lið til þess að gera Fiðrildafögnuð í Hörpu sem eftirminnilegastan og má þar á meðal nefna dansara úr Íslenska dansflokknum, Sigríði Thorlacius og Högna Egilsson úr Hjaltalín og hljómsveitina Evu. Þá komu landsþekktar leikkonur fram í gervi

Malala og annarra baráttukvenna og vöktu vægast sagt athygli. Kvöldinu lauk með Bollywood-dansprengju með Margéti Erlu Maack í fararbroddi og allsherjar hóp-dansi sem vakti mikla lukku. Ekki skemmdi fyrir að Grand Mariner sá um fordrykkinn. Hápunktur kvöldsins var þó

vídeóinnslög frá Indlandi þar sem hópur indverskra kvenna kom saman í Nýju Delí og tók þátt í sjálfstyrkingarviku auk þess sem þær bjuggu til vinaböndin sem notuð voru sem aðgöngumiði á fögnuðinn. UN Women á Íslandi vill þakka öllu því frábæra fólk sem lagði samtökunum lið við undirbúning

kvöldsins og þeirra sem fögnuðu á kvöldinu sjálfu sem var ógleymanlegt. Allur ágóði af kvöldinu rennur í Styrktarsjóð Sameinuðu þjóðanna til afnáms ofbeldis gegn konum þökk sé bakhjörllum fagnadansins, Íslandsbanka, CCP og Landsvirkjunar. olof@frettabladid.is

BÍÓ PARADÍS EUROPA CINEMAS

THE BROKEN CIRCLE BREAKDOWN

17:50, 20:00 & 22:10 (14)

ÁHORFENDAVEÐLAUN A BERLINALE 2013

BESTA LEIKKONA Í ADALHLUTVERKI TRIBECA 2013

KLAPPTRÉ

20:00 (14)

PARADÍS: TRÚ

SJÁ SÝNINGARTÍMA Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Börn á Filippseyjum þurfa þína hjálp – NÚNA

Sendu sms-ið barn í númerið 1900 til að styrkja neyðarstarfið um 1900 krónur

www.unicef.is unicef

BENSÍNLAUS, STRAUMLAUS, SPRUNGIÐ DEKK, TJÓNASKÝRSLA

ÞÚ HRINGIR Í VEGAADSTOÐ SJÓVÁR 440 2222


AF ÞVÍ AÐ LÍFIÐ ER ÓVÆNT



ÞESS VEGNA ERTU HJÁ SJÓVÁ

SJÓVÁ

STOFN



Sögulegur sigur hjá Vettel

FORMÚLA Þjóðverjinn Sebastian Vettel varð í gærkvöldi fyrsti maðurinn frá upphafi til að vinna átta mót í röð á sama tímabilinu í Formúlu 1 kappakstrinum er hann bar sig úr bítum í Texas í kvöld. Aðeins eitt mót er eftir af tímabilinu en Vettel var þegar búinn að tryggja sér heimsmeistaratilinn.

Michael Schumacher og Alberto Ascari áttu gamla metið en Vettel hefur verið ósigrandi síðan um mitt sumar. Vettel var á ráspól í gær, eins og svo oft áður, og styrkti stöðu sína með öflugum akstri strax í upphafi. Sigur hans var aldrei í hættu eftir það.

Romain Grosjean, Lotus, varð annar eftir keppni við Mark Webber, liðsfélagi Vettel hjá Red Bull. Lewis Hamilton, Mercedes, varð fjórði og Fernando Alonso á Ferrari fimmti.



Hólmbert semur við Celtic á morgun

FÓTBOLTI Fram verður án síns helsta markahróks í Pepsi-deild karla næsta sumar þar sem félagið hefur selt Hólmbert Aron Friðjónsson til skoska stórliðsins Celtic. Hann heldur sjálfur utan til Skotlands á morgun þar sem hann mun skrifa undir samninginn.

Skoskir fjölmiðlar segja kaupverðið um 23 milljónir króna en heimildir Fréttablaðsins herma að það sé undir 20 milljónum. Kaupverðið fæst þó ekki uppgefið.

„Það er allt frágengið og vantar bara blekið á pappírinn,“ segir Hólmbert Aron sem kveður Safamýrina eftir tvö og hálf tímabil í bláa

búningnum. Hann varð markahæsti leikmaður liðsins í Pepsi-deildinni í sumar með tíu mörk og heldur utan á morgun til að skrifa undir samninginn.

„Neil Lennon [stjóri Celtic] hefur sagt í fjölmiðlum að hann vilji nota mig strax og ég er mjög spenntur fyrir því að komast út,“ segir Hólmbert sem fór til reynslu hjá Celtic fyrir stuttu. „Mér leið mjög vel og leist vel á aðstæður. Ég vonast til að ég geti tekið framförum í Skotlandi. Ég er virkilega stoltur af þessu enda draumur að rætast hjá mér,“ segir Hólmbert.



Á LEIÐ TIL SKOTLANDS Hólmbert Aron Friðjónsson. MYND/DANIEL

ÚRSLIT

OLÍSEILD KARLA

ÍBV - ÍR 27-26 (16-12)

OLÍSEILD KVENNA

HAUKAR - ÍBV 24-31 (11-13)
HK - VALUR 21-24 (13-12)
FYLKIR - KA/PÓR 29-29 (14-15)
FH - GRÓTTA 22-36 (10-17)
STJARNAN - SELFOSS 32-18 (15-5)

STAÐA EFSTU LIÐA

Stjarnan	9	8	1	0	285-196	17
Valur	9	7	2	0	249-171	16
Gróttta	9	7	1	1	238-193	15
ÍBV	9	6	0	3	244-230	12
Fram	9	6	0	3	226-196	12
FH	9	4	0	5	186-215	8
HK	8	3	0	5	173-199	6

DOMINO'S-DEILD KARLA

ÍR - KFÍ 76-86 (36-38)

ÍR: Sveinbjörn Claessen 21/7 frák., Calvin Henry 19/7 frák., Matthías Orri Sigurðarson 17/10 frák.
KFÍ: Jason Smith 32, Mirko Stefan Virijevic 28/18 frák., Ágúst Angantýsson 14/12 frák.

DOMINO'S-DEILD KVENNA

KEFLAVÍK - VALUR 73-76 (41-38)

Keflavík: Porsche Landry 27, Sara R. Hinriksd. 20.

Valur: Kristrún Sigurjónsdóttir 29, Jaleesa Butler 15/12 frák., Ragna M. Brynjarsdóttir 14/11 frák.

SNÆFELL - HAMAR 88-58 (37-18)

Snæfelli: Chynna Brown 24, Eva M. Kristjánsdóttir 16, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 14.

Hamar: Fanney Lind Guðmundsdóttir 18/12 frák., Íris Ásgeirsdóttir 17, Di'Amber Johnson 15.

KR - NJARÐVÍK 86-47 (36-22)

KR: Ebone Henry 30/17 frák., Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 25/14 frák./5 stolnir.

Njarðvík: Jasmine Beverly 15/14 frák.

Nýr kafli í Íslandssögunni

Landsliðsþjálfarinn Lars Lagerbäck segir möguleika Íslands góða gegn Króötum annað kvöld. Hann er viss um að þeir leikmenn sem komi til með að fylla í skarð Kolbeins Sigþórssonar muni standa sig vel.



Kolbeinn Tumi Daðason kolbenntumi@frettabladid.is
Vilhelm Gunnarsson villi@365.is
Frá Zagreb

FÓTBOLTI „Ferðalagið var mjög gott og rólegt. Það var afar fínt að þurfa ekki að skipta um vél á leiðinni,“ sagði landsliðsþjálfarinn Lars Lagerbäck við komuna til Zagreb í gærkvöldi. Sá sænski hafði nært sig á hóteli landsliðsins í miðborginni þegar hann gaf sig á tal við blaðamenn um núfuleytið.

„Greining okkar Heimis gekk fullkomlega upp. Það var ekkert sem kom okkur á óvart,“ sagði Lagerbäck um markalausa jafnteflið á föstudagskvöldið. Tíu leikmenn Íslands náðu fínun úrslitum úr erfiðri stöðu. Landsliðsþjálfarinn telur að Króatar muni örugglega verða ákveðnari á heimavelli þótt hann efast um að þeir muni breyta miklu í sínu skipulagi.

Engar áhyggjur af þreytu

Framherjinn Kolbeinn Sigþórsson heltist úr lestinni í gær í kjölfar meiðslanna sem hann varð fyrir í leiknum á föstudaginn. Ljóst er að um mikið áfall er að ræða

fyrir landsliðið en Kolbeinn hafði skorað í síðustu fimm landsleikjum Íslands.

„Auðvitað vildum við hafa Kolbein en við höfum 22 leikmenn. Aðrir þurfa að fylla í skarð Kolbeins og ég er viss um að þeir muni standa sig vel.“

Lagerbäck segir að ef frá eru talin meiðsli Kolbeins sé staðan á leikmannahópnum góð. Hann hefur litlar áhyggjur af þreytu eftir erfiðan leik á föstudag.

„Læknisteymið hefur staðið sig mjög vel og við höfum hagað æfingunum þannig að strákarnir sem spiluðu mest fái sem besta endurheimt. Leikmennirnir í liðinu eru í frábæru formi þannig að ég hef engar áhyggjur af þreytu.“

Getum komið þeim á óvart

Landsliðsþjálfarinn hafði sagst eiga erfitt með að meta möguleika Íslands fyrir fyrri leikinn. Nú hafa liðin mæst og menn vita betur að hverju þeir ganga.

„Það er undir okkur komið að leggja okkur alla fram á þriðjudaginn. Þá eigum við góða möguleika á að koma þeim á óvart,“ segir Svíinn sem fimm sinnum hefur farið með sænska landsliðið á stórmót. Nú er tækifærið að gera hið sama með litla Ísland sem yrði, gangi allt að óskum, fámenn-



GREININGIN GEKK UPP Lars Lagerbäck fer yfir málin með Heimi Hallgrímssyni aðstoðarlandsliðsþjálfara. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

asta þjóðin til að komast í loka-keppni heimsmeistaramótsins. Draumurinn lifir.

„Engin spurning. Það hefði

verið betra að vinna heima en ég tel okkur enn geta skrifað nýjan kafla í Íslandssögunna. Við stefnum á það að minnsta kosti.“

Vitum hvað þjóðin vill

Alfreð Finnbogason er hóflega bjartsýnn.


FÓTBOLTI „Maður er það spenntur fyrir þessum leik að það er ekkert að fara að stoppa mann núna,“ segir Alfreð Finnbogason. Framherjinn segir menn vera í góðu standi eftir leikinn á föstudag og hann horfir spenntur til leiksins annað kvöld.

Viðbúið er að Alfreð muni spila í fremstu víglínu með Eiði Smára Guðjohnsen sem hann kynni vel að meta.

„Við náðum bara tíu til fimmtán mínútum saman í síðasta leik en hann var strax byrjaður að þræða inn á mig sendingar. Það var draumur fyrir mig fyrir ekki margt löngu að vera í framlínunni með Eiði Smára. Nú er bara að njóta þess og gera sem mest úr því ef svo verður raunin,“ segir Alfreð. Hann segir heimsmeistaramótið í Brasilíu vissulega hafa verið draum fyrir ekki margt löngu. Nú sé þetta raunveruleikinn.

„Við erum komnir hingað, höfum unnið fyrir því og það er engin heppni á bak við það. Nú fer þetta eftir okkar frammistöðu á þriðjudaginn hvort við munum fagna eða gráta,“ segir Alfreð. Greinilegt er að viljinn og sjálfstraustið er fyrir hendi hjá okkar manni.

„Við vitum alveg hvað þjóðin okkar vill og við þurfum að skila sömu vinnu og á föstudaginn og bæta í sóknarþungann því við þurfum að skora til að fara áfram. Þetta verður þraut en það eru það



ÖFLUGUR Alfreð Finnbogason er klár í slaginn gegn Króatíu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

sterkir karakterar og sigurvegarar í þessu liði að ég er hóflega bjartsýnn að við séum á leiðinni til Brasilíu.“

- kt


Er veturinn kominn í umferð hjá þér?

ÖRYGGI
ALLAN
HRINGINN
TOYO TIRES
driven to perform


Fáðu aðstoð við val á réttum dekkjum hjá okkur eða söluaðilum okkar um land allt

Dekkin eru eina snerting bílsins við veginn og öryggi þitt veltur því á gæðum þeirra. Við hjá Bílabúð Benna búum að áratuga reynslu og vitum að mikill munur er á gæðum og endingu þeirra dekkja sem eru í boði á markaðnum.

Tími vetrardekkjanna er runninn upp og því hvetjum við bíleigendur til að fá aðstoð við val á réttum dekkjum hjá okkur eða söluaðilum okkar um land allt.



TOYO TIRES
driven to perform




BF Goodrich
TAKE CONTROL



MAXXIS



INTERSTATE
TIRES

 Við erum á Facebook

Þjóðum vaxtalaus lán frá Visa og Mastercard í allt að 12 mánuði

Nánari upplýsingar á benni.is



Þjónustusími: 561 4210

Reykjavík • Fískislóð 30
Reykjavík • Grjóthálsi 10
Reykjanesbæ • Njarðarbraut 9



Upplýsingar á benni.is

Bílabúð Benna - Dekkjáþjónusta
Tangarhöfða 8 • Sími: 590 2045
Þjónustuborð: 590 2000

Jafntefli mögulega nóg

Hvað þarf til að tryggja farseðilinn til Brasilíu?

FÓTBOLTI Eftir markalaust jafntefli í fyrri umspilsviðureigninni gegn Króatíu er ljóst að Ísland stendur ágætlega að vígi fyrir seinni leikinn annað kvöld, þrátt fyrir að Króatar spili á heimavelli.

Ef liðin eru enn jöfn eftir leikna tveggja tekur gildi regla sem segir að það lið fari áfram sem skori fleiri mörk á útivelli. Þar sem Króatía skoraði ekki í fyrri leiknum er ljóst að Íslandi dugir jafntefli ef strákarnir skora minnst eitt mark annað kvöld. Króatar

þurfa að sama skapi að skora einu marki meira en íslenska liðið til að komast áfram.

Verði niðurstaðan hins vegar aftur markalaust jafntefli þarf framlengingu en áður nefnd regla er einnig í gildi í henni.

Verði enn markalaust eftir framlengingu þarf vítaspyrnukeppni til að þvinga fram niðurstöðu.

Leikurinn fer fram á Maksimír-leikvanginum í Zagreb og hefst klukkan 19.15 að íslenskum tíma.

- esá



ÁFALL Hér er verið að hlúa að Kolbeini Sigbórssyni á föstudaginn en fyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson fylgist með. Kolbeinn var borinn af velli skömmu síðar og verður ekki með Íslandi gegn Króatíu annað kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Allir trúá á verkefnið

Kolbeinn Sigbórsson verður að horfa á leik Króatíu og Íslands í sjónvarpinu annað kvöld eins og meginþorri Íslendinga. Hann viðurkennir að vera orðinn þreyttur á ítrekuðum meiðslum en er ánægður með að ekki hafi farið verr.

FÓTBOLTI Íslenskir knattspyrnuáhugamenn tóku andköf þegar Kolbeinn Sigbórsson féll í grasið á Laugardalsvöllinum á föstudagskvöldið, þegar Ísland gerði markalaust jafntefli við Króatíu í fyrri umspilsleik liðanna um sæti á HM 2014 í Brasilíu. Kolbeinn var borinn af velli undir lok fyrri hálfleiks og í gærmorgun fékkst það endanlega staðfest að hann verður ekki með Íslandi í síðari rímmunni gegn Króatíu ytra annað kvöld.

Það er vitanlega mikið áfall fyrir íslenska liðið að vera án Kolbeins í Króatíu en bót í máli að meiðslin eru ekki alvarleg.

„Það er ekki enn komið á hreint hvort liðböndin eru sködduð en líklegast er að þetta sé slæm tognun,“ sagði Kolbeinn við Fréttablaðið í gær. Hann fór í röntgenmyndatöku strax eftir leik og þá kom í ljós að hann var óbrotinn.

Vonaðist eftir undræðuferð

„Ég reyndi eins og ég gat með sjúkrateyminu að ná mér góðum með einhverri undræðuferð en það er svo mikil bólga í ökklanum að hún þarf einfaldlega meiri tíma,“ bætir Kolbeinn við.

Hann segist hafa fundið strax að um slæma tognun væri að ræða og um leið óttast að seinni leikurinn gegn Króatíu væri í hættu hjá sér. Kolbeinn hefur áður þurft að glíma við erfið meiðsli þrátt fyrir ungan aldur og neitar því ekki að það sé ansi ljáandi.

„Auðvitað verður maður þreyttur á því enda hef ég misst af mörgum mikilvægum leikjum. En þetta var einmitt sá leikur sem ég vildi alls ekki missa af. Ég var eins og allir búinn að bíða lengi eftir svona tækifæri,“ segir Kolbeinn en Ísland getur á morgun tryggt sér sæti í úrslitakeppni HM 2014 í Brasilíu og um leið orðið fámennasta þjóð sögunnar sem kemst svo langt.

Handviss um að við förum á HM

Kolbeinn segir að allir í landsliðinu – leikmenn, hjálparar og starfsmenn – hafi trú á því að það takist. „Allir eru samstiga í þessu verkefni og allir trúá á það. Strákarnir fara í leikinn með þá trú að þeir klári verkefnið og ég er handviss að þeim takist að koma okkur á HM.“

Kolbeinn segir að strákarnir viti nákvæmlega hvað þarf til að

ná hagstæðum úrslitum í Króatíu. „Króatarnir sköpuðu sér ekki mikið á föstudaginn og við vitum nú hvað þeir vilja að við gerum ekki. Þeim finnst líka afar óþægileg tilhugsun að ef við náum að skora eitt þurfa þeir að skora tvö til að komast áfram. Meðbyrinn er okkar megin en öll pressa á þeim,“ segir Kolbeinn.

Við getum alltaf skorað

Niko Kovac, landsliðsþjálfari Króatíu, hafði orð á því bæði fyrir og eftir leikinn á föstudaginn að Ísland spilaði einfalda en beinskeytta knattspyrnu. Kolbeinn gaf lítið fyrir þau ummæli.

„Ég veit ekki hvað hann átti við en ég tel að við spilum mjög skemmtilegan fótbolta – sterkan varnarleik og góðan sóknarleik. Við erum alltaf hættulegir og ég veit ekki hvort það telst sem einföld knattspyrna. Við erum með lið sem getur alltaf skorað og í síðustu leikjum höfum við sýnt að við getum líka varist vel. Hann er kannski að taka þátt í einhverjum sálfræðihernaði en ég tel að flestir þjálfarar beri virðingu fyrir leik íslenska landsliðsins.“

eirikur@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/SIA

Risaslagur í kvöld kl. 19

Stálin mætast stinn í Domino's-deild karla þegar KR-ingar skreppa til Keflavíkur og mæta heimamönnum í TM-höllinni. Bæði lið eru taplaus og er því klárlega um sex stiga leik að ræða. Ekki missa af toppslag af bestu gerð í körfunni í kvöld!

Fáðu þér áskrift
512 5100
stod2.is

SPORT
besta sætið

Til Sölu

Tilboð óskast í 251,4 ha land Stóra Hrauns í Sveitarfélaginu Árborg.

14490 – Um er að ræða mjög áhugavert land sem er 251,4 ha. að stærð og liggur milli Eyrarbakka og Stokkseyrar.

Örstutt er til höfuðborgarsvæðisins sem gefur margvíslega notkunarmöguleika.

Lögbýlisréttur fylgir ekki.

Upplýsingar um landið eru veittar hjá Ríkiskaupum, Borgartúni 7c, 105 Reykjavík í síma 530 1400. Tilboðseyðublöð liggja frammi á sama stað ásamt reglum um frágang og útfyllingu á tilboðseyðu blaði. Gögnin eru einnig aðgengileg á vef Ríkiskaupa <http://www.rikiskaup.is>

Tilboð skulu berast Ríkiskaupum fyrir kl. 10.00 þann 10. desember 2013 þar sem þau verða opnuð í viðurvist bjóðenda er þess óska.



Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP



FÆRÐ ÞÚ ENDURGREITT?

ALLIR SEM KAUPA SJÓNVARP
14.-18. NÓVEMBER GÆTU FENGIÐ
TÆKIÐ ENDURGREITT!



Það eina sem þú þarft að gera er að giska á úrslit í síðari leik Íslands og Króatíu rétt til að fá 25% afslátt, og takist að giska á markaskorara Íslands einnig þá færðu tækið endurgreitt að fullu!

FJÖLDI GÓÐRA SJÓNVARPSTILBOÐA • NOKKUR DÆMI:



FINLUX

Finlux 32FLY189B

- 32" LED með 1366x768p upplausn
- Progressive Scan
- Stafrænn móttakari DVB-T+C
- Nicam Stereo hljóðkerfi
- USB, HDMI, Scart, Ci, S-video, PC tengi
- Heyrnartóstengi, S/PDIF, og CVBS tengi
- Með hótélstillingu

69.990



FINLUX

Finlux 39FLHY189BV

- 39" LED Full HD með 1920x1080p upplausn
- Progressive Scan
- Stafrænn móttakari DVB-T+T2+C
- Nicam Stereo hljóðkerfi
- USB, 2xHDMI, Ci, S-video, S/PDIF, PC tengi
- Heyrnartóstengi og CVBS tengi
- Með hótélstillingu

89.990



Panasonic

Panasonic TXL42B6

- 42" FHD IPS LED með 1920x1080p upplausn
- Vreal Pro myndtækni
- High Contrast filter
- DVB-T/C stafrænn móttakari (MPEG4)
- USB Mediaíspilar
- Scart, 2x HDMI, Composite og RCA tengi
- Heyrnartóstengi, Optical út og CI rauf

119.990



Panasonic

Panasonic TXL50BL6

- 50" FHD IPS LED með 1920x1080p upplausn
- Vreal Pro myndtækni og 100Hz
- High Contrast filter
- DVB-T/C stafrænn móttakari (MPEG4)
- USB Mediaíspilar og Smart TV
- Scart, 2x HDMI, Composite og RCA tengi
- Heyrnartóstengi, Optical út og CI rauf

199.990

Fleiri sjónvarpstilboð á sm.is

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS





Stöð 2 kl. 19.20 Stóru málin

Vandaðir og áhugaverðir þættir þar sem fjallað verður á beinskreyttan hátt um stóru málin í pólitíkinni á borð við skulda-stöðu heimilanna, atvinnumál, skattamál og fleiri mikilvæg málefni. Lóa Pind Aldísardóttir rýnir í þjóðfélagsmálin og fer yfir þau á mannamáli.

Í KVÖLD



Dominos-deild karla

STÖÐ 2 SPORT kl. 19.00 Bein útsending frá leik Keflavíkur og KR í Dominos-deild karla í körfubolta.



Kitchen Nightmares

SKJÁR EINN KL. 20.20 Flestum er meinilla við matreiðslumanninn Gordon Ramsay enda með dónalegri mönnum. Það breytir því ekki að hann er einn besti kokkur veraldar og veit hvað þarf til að reka góðan veitingastað.



Í eldhúsinu hennar Evu

STÖÐ 3 KL. 20.45 Glæsilegir matreiðsluþættir þar sem matgæðingurinn Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir deilir með áhorfendum uppskriftum og aðferðum við að galdra fram dýrindis mat í eldhúsinu.

X-ið 977 kl 07.00 Harmageddon

Harmageddon er morgunþátturinn á X977, á dagskrá alla virka daga klukkan 7-10. Harmageddon er hrikalegur útlarþáttur sem tekur púlsinn á öllu því helsta sem gerist í þjóðfélaginu í dag. Harmageddon er eins alvarlegur og hann er fyndinn.



KROATÍA ÍSLAND
í beinni útsendingu á Bylgjunni

Gummi Ben lýsir mikilvægasta leik íslenska landsliðsins til þessa, þriðjudaginn, 19. nóvember kl. 19:15

BYLGJAN KVÍKK

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.10 Malcolm In The Middle
- 08.30 Ellen
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Doctors
- 10.15 Gossip Girl
- 11.00 I Hate My Teenage Daughter
- 11.25 New Girl
- 11.50 Falcon Crest
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 So you think You Can Dance
- 14.25 Wipeout USA
- 15.15 ET Weekend
- 16.25 Ellen
- 17.10 Bold and the Beautiful
- 17.32 Nágrannar
- 17.57 Simpson-fjölskyldan
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Stóru málin Vandaðir og áhugaverðir þættir.
- 19.50 Mom (2:22)
- 20.15 Nashville (21:21)
- 21.00 Hostages (8:15)
- 21.45 The Americans (9:13) Vandaðir spennuþættir.
- 22.35 World Without End (3:8) Stórbrotin þáttaröð sem byggð er á samnefndri metsölubók eftir Ken Follett.
- 23.25 Mike and Molly (6:23)
- 23.50 The Big Bang Theory
- 00.15 How I Met Your Mother
- 00.35 Bones
- 01.20 Episodes
- 01.50 Rogue
- 03.20 Battle in Heaven
- 04.55 Nashville
- 05.40 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

- 16.50 England - Chile
- 18.30 Þór Þorlákshöfn Sverrir Bergmann kynnist öllum liðunum í Dominos-deild karla í körfubolta.
- 19.00 Keflavík - KR BEINT
- 20.50 Norður-Írland - Ísland Útsending frá fyrsta leik Íslands í undankeppni Evrópukeppninnar í knattspyrnu karla árið 2008.
- 22.35 Meistarad. Evrópu - fréttabáttur
- 23.05 Keflavík - KR
- 00.35 Meistaradeild Evrópu: Barcelona - AC Milan

SPORT 2

- 07.00 Bradford - Coventry
- 15.50 Goals of the Season 2011/2012
- 16.45 Man. Utd. - Aston Villa
- 18.25 PL Classic Matches: Man Utd - Liverpool, 1992
- 18.55 Hermann Hreiðarsson Guðmundur Benediktsson stýrir þætti um ensku stórlíðin. Í þessum þætti ræðir hann við leikmenn sem hafa tekið þátt í baráttunni í þessari sterkustu deild í heimi.
- 19.35 Walsall - Peterborough BEINT
- 21.40 Man. Utd. - Chelsea
- 23.20 Walsall - Peterborough
- 01.00 WBA - West Ham

INN

- 20.00 Frumkvöðlar 20.30 Eldhús Meistaranna
- 21.00 Vafrað um Vesturland 21.30 Áfram Vogur

STÖÐ 3

- 17.10 Extreme Makeover: Home Edition
- 17.55 Hart of Dixie
- 18.40 The New Normal
- 19.00 Celebrity Apprentice
- 20.25 Dads (1:22) Nýir og bráðskemmtilegir þættir með Seth Green og Giovanni Ribisi í aðalhlutverkum.
- 20.45 Í eldhúsinu hennar Evu (5:8) Glæsilegir matreiðsluþættir.
- 22.30 Graceland (11:13)
- 23.10 Pretty Little Liars (10:24)
- 23.50 Nikita (10:23)
- 00.30 Justified
- 01.10 Celebrity Apprentice
- 02.35 Dads
- 02.55 Í eldhúsinu hennar Evu
- 04.40 Graceland
- 05.25 Tónlistarmyndbönd

Krakastöðin

- 07.00 Ævintýri Tinna 07.22 Skoppa og Skríttla
- 07.35 Strumparnir 08.00 Lukku láki 08.24 Ofurhundurinn Krypto 08.45 UKI 08.50 Hvellur keppnisbíll 09.00 Dóra könnuður 09.23 Mörgæsirnar frá Madagaskar 09.45 Doddi litli og Eyrnastór 09.55 Sumardalsmyllan 10.00 Áfram Diego, áfram! 10.24 Svampur Sveins 10.48 Latibær 11.00 Ævintýri Tinna 11.22 Skoppa og Skríttla 11.35 Strumparnir 12.00 Lukku láki 12.24 Ofurhundurinn Krypto 12.45 UKI 12.50 Hvellur keppnisbíll 13.00 Dóra könnuður 13.23 Mörgæsirnar frá Madagaskar 13.45 Doddi litli og Eyrnastór 13.55 Sumardalsmyllan 14.00 Áfram Diego, áfram! 14.24 Svampur Sveins 14.48 Latibær 15.00 Ævintýri Tinna 15.22 Skoppa og Skríttla 15.35 Strumparnir 16.00 Lukku láki 16.24 Ofurhundurinn Krypto 16.45 UKI 16.50 Hvellur keppnisbíll 17.00 Dóra könnuður 17.23 Mörgæsirnar frá Madagaskar 17.45 Doddi litli og Eyrnastór 17.55 Sumardalsmyllan 18.00 Áfram Diego, áfram! 18.24 Svampur Sveins 18.48 Latibær 19.00 Skoppa og Skríttla í bió 20.00 Sögur fyrir svefninn

GULL

- 17.55 Strákarnir
- 18.25 Friends
- 18.45 Seinfeld
- 19.10 Modern Family
- 19.35 Two and a Half Men (20:22)
- 20.00 Sjálfstætt fólk Herra Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, er viðmælandi Jóns Ársæls.
- 20.30 Eldsnögg með Jóa Fel (1:12) Ellefta þáttaröðin með sjónvarpskokkunum og bakaramestaranum Jóa Fel.
- 20.55 Ally McBeal (9:23)
- 21.40 Without a Trace (14:23)
- 22.25 The Kennedys (5:8) Ein umtaladasta sjónvarpsþætti síðustu ára.
- 23.10 Nikolaj og Julie
- 23.55 Anna Phil
- 00.40 Sjálfstætt fólk
- 01.10 Eldsnögg með Jóa Fel
- 01.35 Ally McBeal
- 02.20 Without a Trace
- 03.05 Tónlistarmyndbönd

BÍÓ

- 12.05 The Goonies
- 14.00 Bob the Butler
- 15.30 Stand By Me
- 17.00 The Goonies
- 18.55 Bob the Butler
- 20.30 Stand By Me
- 22.00 Tenderness
- 01.10 Push
- 03.00 Tenderness

RÚV

- 16.40 Landinn
- 17.10 Froskur og vinir hans
- 17.17 Töfrahnötturinn
- 17.30 Grettir
- 17.42 Engilbert ræður
- 17.50 Skoltur skipstjóri
- 18.05 Tákn málsfréttir
- 18.15 Fólkið í blokkinni
- 18.45 Íþróttir
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.00 Ég gafst ekki upp Petta er saga 22 ára stúlku, Heiðu Dísar, sem barðist hetjulega við krabbamein. Haustið 2011 var Heiðu sagt að hún ætti aðeins eitt ár eftir ólífad en því neitaði hún að trúa og sneri lífi sínu upp í einstaka jákvæðni og gleði svo eftir var tekið.
- 20.55 Brúin (9:10) (Broen II) Rannsóknar- og forstöðumann Martin Rohde í Kaupmannahöfn og starfsystir hans, Saga Norén í Malmö, eru mætt aftur til leiks í æsispennandi sakamálaþáttaröð. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Viðtalið (Michael E. Mann lofts-lagsfræðingur) Þóra Arnórsdóttir ræðir við Michael E. Mann lofts-lagsfræðing og forstöðumann Earth System Science Center við Pennsylvaníuháskóla.
- 22.45 Saga kvikmyndanna – Eftirstríðskvikmyndir, 1940-1950 (5:15)
- 23.45 Kastljós
- 00.05 Fréttir
- 00.15 Dagskrárlok

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Cheers
- 08.25 Dr.Phil
- 09.10 Pepsi MAX tónlist
- 15.35 Secret Street Crew
- 16.25 Top Gear Top Fails
- 17.15 Happy Endings
- 17.40 Dr.Phil
- 18.20 Judging Amy
- 19.05 Cheers
- 19.30 Save Me (9:13) Skemmtilegir þættir með Anne Heche í hlutverki veðurfræðings sem lendir í slysi og í kjölfar þess telur hún sig vera komin í beint samband við Guð almáttugan.
- 19.55 30 Rock (9:13) Liz Lemon og félagar í 30 Rockefeller snúa loks aftur með frábæra þáttaröð sem hlotið hefur fjölda verðlauna.
- 20.20 Kitchen Nightmares (15:17) Flestum er meinilla við matreiðslumanninn Gordon Ramsay enda með dónalegri mönnum. Það breytir því ekki að hann er einn best kokkur veraldar og veit hvað þarf til að reka góðan veitingastað.
- 21.10 Hawaii Five-0 (2:22)
- 22.00 CSI. New York (11:17)
- 22.50 CSI
- 23.35 Law & Order: Special Victims Unit
- 00.20 Hawaii Five-0
- 01.10 Ray Donovan
- 02.00 The Walking Dead
- 02.50 In Plain Sight
- 03.40 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

- 06.00 Eurosport 09.10 Golfing World 10.00 OHL Classic 2013 13.00 DP World Tour 2013 18.00 Golfing World 18.50 DP World Tour 2013 22.00 Golfing World 22.50 OHL Classic 2013 01.50 Eurosport

- ÚTVARP**
FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2
- FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
- FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
- FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 Kaninn
- FM 102,2 Útv. Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

Bylgjan er í Útvarpinu
Útvarpið má nálgast á Google Play eða App Store
undir leitaraðrinu "Bylgjan"



FIND **NEW** ROADS™



UPPSELDUR



KAUPAUKI
Nokia Lumia 720
snjallsími frá
Hátækni



Bíll á mynd: Chevrolet Spark LTZ

TRYGGÐU ÞÉR NÝJAN SPARK MEÐ GLÆSILEGUM NOKIA SÍMA

Spark er uppseldur en nýir bílar eru væntanlegir í janúar. Þeir sem ganga frá pöntun á nýjum Spark í nóvember fá **strax** veglegan Nokia snjallsíma í kaupbæti. Chevrolet Spark LT er ekki aðeins söluhæsti smábíllinn á landinu heldur er hann líka hlaðinn staðalbúnaði eins og Bluetooth kerfi fyrir símann, ESP stöðugleikakerfi, sætahiturum og álfelgum - sjá nánar á benni.is

Chevrolet Spark LS 1.0 | • bensín • bsk • 5 dyra
Verð aðeins: 1.790 þús. kr.



Opið alla virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.



Nánari upplýsingar á benni.is
Reykjavík Reykjanesbær Akureyri
Tangarhöfða 8 Njarðarbraut 9 Glerárgötu 36
Sími: 590 2000 Sími: 420 3330 Sími: 461 3636



*Bilabúð Benna áskilur sér rétt til breytinga á verði og búnaði á nýjum bílunum. Nóvember 2013. Gert með fyrirvara um prentvillur.

MÁNUDAGSLAGIÐ



Uppáhalds mánuðagslagið mitt er Nýfallið regn með Asgeiri Trausta. Hann er elskhugi eyrna minna. Dætur mínar þrjár og ég dýrkum að syngja hástöfum með þessu magnaða lagi og baða út höndum með trommutaktinum á meðan. Mánuðagsshamingja!

Andrea Sóleyjar- og Björgvinsdóttir, í ritstjórn Kvinnablaðsins.

Sýna sextán evrópskar kvikmyndir á netinu

Evrópska kvikmyndahátíðin Streams hófst á Icelandic Cinema Online-vefnum síðastliðinn föstudag.

Evrópska kvikmyndahátíðin Streams hófst á föstudaginn, en hún fer fram í annað sinn í ár. „Hátíðin er samtímis í níu löndum og fer fram á netinu. Hún er haldin hér á landi í fyrsta skipti og er hægt að horfa á myndir á hátíðinni á Icelandic Cinema Online frá 15. nóvember til 15. desember,“ segir Sunna Guðnadóttir, aðstandandi Icelandic Cinema Online.

Þátttakendur í hátíðinni eru nú efnisveituvfir í Evrópu, meðal annars frá Frakk-

landi, Austurríki, Þýskalandi og Írlandi.

„Framlag Íslands á hátíðina er kvikmyndin XL í leikstjórn Marteins Þórssonar,“ segir Sunna.

Eins og mörgum er kunnugt var Ólafur Darri verðlaunaður fyrir leik sinn í myndinni á Karlovy Vary-kvikmyndahátíðinni í sumar.

„Myndin mun keppa við aðrar myndir á hátíðinni um bestu myndina og eru verðlaunin 3.500 evrur,“ segir Sunna

jafnframt. Hvert aðildarland skipar einn í dómnefnd og er Ása Baldursdóttir, dagskrárgerðarstjóri Bíó Paradísar, í dómnefnd fyrir hönd Icelandic Cinema Online.

„Kvikmyndahátíðin mun sýna sextán nýlegar evrópskar kvikmyndir sem hafa ýmist ekki verið frumsýndar fyrir utan heimalandið eða eru enn að ferðast á milli kvikmyndahátíða,“ segir Sunna og hvetur kvikmyndaáhugamenn til að kynna sér málið.



ÍSLAND TEKUR ÞÁTT Í FYRSTA SINN Sunna Guðnadóttir, Icelandic Cinema Online.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Rauðir dagar 18.-22. nóvember

Hvað eru margar konur aftan á 5000 króna seðlinum?

Tvær Þrjár Fjórar Fimm

Það eru Rauðir dagar í útibúinu þínu. Komdu og fáðu svör við spurningum um sparnað og ávöxtunarleiðirnar sem henta þínum aðstæðum.

Við bjóðum góða þjónustu



ENGINN SÖKNUÐUR í fyrsta sinn saknar Arnór þess ekki að vinna á sjó. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hætti á sjónum og varð jógakennari

Arnór Sveinsson ákvað að hætta á sjó og gerast jógakennari eftir að vinnufélagi hans lést af slysförum. Hann hélt til Asíu í leit að hugljómum og sér ekki eftir þeirri ákvörðun. Hann kynntist munki fyrir hreina tilviljun og hafðist við í helli.

Líf Arnórs Sveinssonar tók stakkaskiptum þegar hann var staddur í borginni Ríga í Lettlandi ásamt vinnufélögum sínum á frystitogarannum Venusi árið 2010. Frændi hans, sem einnig var áhafnarmeðlimur, lést í vinnuslysi. Arnór, sem hafði verið á sjó í áratug, ákvað þá að leita á önnur mið. Hann hafði alltaf haft áhuga á andlegum mál-efnum; hugleiðslu og jóga. Hann ákvað að helga sig áhugamálum sínum. „Ég er ótrúlega ánægður með þessa ákvörðun mína. Þarna rann upp fyrir mér hvað lífið er stutt. Mér fannst ekki hægt að gera neitt annað en það sem maður elskar,“ segir Arnór.

Í leit að hugljómum setti Arnór stefnuna á Taíland. „Ég setti mig í samband við mann í gegnum netið. Hann var að byggja upp heilsusetur og ég fór út til að aðstoða hann. Þegar ég kom á staðinn fann ég að eitthvað var

ekki eins og það átti að vera. Síðan birtist nýlátinn frændi minn mér í draumi og fleiri fjölskyldumeðlimir. Ég yfirgaf svæðið eftir ráðleggingar þeirra.“ Upphófst þá atburðarás sem er ævintýri líkust. „Ég var staddur á kaffihúsi í bænum Pai. Afgreiðsludaman gaf sig á tal við mig og eftir stutt spjall kom hún mér í samband við munk sem bjó í fjöllum þarna skammt hjá.“ Þessi munkur reyndist Arnóri afar vel. Arnór fékk að gista í hofi sem munkurinn hafði afnot af og síðar höfðust þeir við í helli. Samband þeirra tveggja var sérstakt því munkurinn talaði enga ensku. „Við vorum farnir að skilja hvor annan með bendingum og handamáli einhvers konar. En við eyddum líka svo miklum tíma saman.“ Arnór kynntist fleiri merkilegum einstaklingum á för sinni.

„Ég stundaði jóga með 45 ára gamalli konu sem einnig bjó í

bænum Pai. Við ferðuðumst yfir Taíland endilangt og ég elti hana til Indlands. Við tókum upp ástarsamband. Þetta var æðisleg upplifun.“

Í bland við þessi óvæntu ævintýri Arnórs lauk hann fjölda námskeiða í Taílandi og á Indlandi. Hann var því staðráðinn í því að gerast jógakennari við heimkomuna. Ég komst í samband við góða kennara hérna heima og lærði líka af þeim.“ Í kjölfar þessa andlega ferðalags hefur Arnór gjörbreytt lífsstíl sínum. „Ég byrjaði á því að losa mig við sófann minn og setti upp tvö hengirúm í stofuna. Ég er líka búinn að taka mataræðið í gegn, horfi mjög lítið á sjónvarpið og eyði nokkrum tímum á dag í líkamlega og andlega uppbyggingu. Ég starfa á fríundaheimili og fæ að láta gott af mér leiða þar. Jógakennslan er að komast á fullt og það er allt að ganga upp,“ segir Arnór.

kjartanatl@frettabladid.is

HÖRKU-HASAR

GRÍPANDI GLÆPASAGA ÚR ÍSLENSKUM SAMTÍMA EFTIR ÓTTAR NORÐFJÖRD, SJÁLFSTÆTT FRAMHALD KVIK-MYNDARINNAR BORGRÍKIS.



KÍKTU Í BÍÓ MEÐ OKKUR



Við fögnum útgáfu bókarinnar í Laugarásbíói kl. 17.30 í dag. Popp & kók og boðssýning á Borgríki.



JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

Blóð, sviti og tár á brennómóti

Brío-liðið sigraði á Reykjavíkurmóttinu í innbrennó í Kórnum á laugardaginn.

„Við byrjuðum mótið illa og spiluðum ekki nógu vel en síðan náðum við okkur á strik,“ segir Katrín Huld Grétarsdóttir en hún ásamt liðsfélögum sínum í liðinu Brío unnu Reykjavíkurmótið í innbrennó sem haldið var í Kórnum á laugardaginn.

Spennan var magnþrungin þegar liðin Brío og Harpax kepptu um gullið og voru Katrín og liðsfélagar hennar í sannkallaðri sigurvímu þegar úrslitin voru ljós.

„Það er mjög sætt að sigra á svona móti, sem við reynum að halda tvisvar á ári. Í öllum liðum eru þrusugóðir leikmenn og því var aldrei nein leið til að spá um hver færi með sigur af hólmi,“ bætir Katrín við.

Hópurinn sem stóð að móttinu hittist tvisvar í viku í Kórnum yfir vetrartímann til að æfa brennó og er öllum konum velkomið að prófa endurgjaldslaust. Á sumrin er síðan brennó spilað úti víðs vegar um borgina.

liljakatrin@frettabladid.is



SIGURLIÐIÐ Brío-liðið í sigurvímu. Frá vinstri eru Silja Ívarsdóttir, Ásdís Steingrimsdóttir, Katrín Huld, Eyrun Sara Helgadóttir og Karen Gylfadóttir.

MYND/MARGRÉT JÚLÍJA

ALLAR STÓRAR PIZZUR AF MATSEÐLI

1.390 KR.

PÖNNUPIZZA: 1.590 KR.

EF ÞÚ SÆKIR, VIKUNA 18.-24. NÓVEMBER 2013



Domino's®



TAKTU ÞÁTT Í
FJÖRINU OG KÍKTU
Á MEGAVIKA.IS

MEGAVIKA

MÁNUDAGURINN 18. NÓV.

Með fyrstu 1.000 pöntunum dagsins fylgir bíomiði eða varningur tengdur myndinni The Hunger Games: Catching Fire.



www.dominos.is

ÞRIÐJUDAGURINN 19. NÓV.

Ilmandi nýbakað Kanilgott fylgir frítt með fyrstu 750 pöntunum dagsins.



sími 58 12345

MIÐVIKUDAGURINN 20. NÓV.

Flaska af 2L Coke fylgir frítt með fyrstu 750 pöntunum dagsins.



domino's app





Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
 EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR AF FÓLKI

Atli fékk klút

Leiksýningin Englar alheimsins hefur slegið eftirminnilega í gegn í Þjóðleikhúsinu. Eftir 50. sýningu verksins um helgina ákvað leikhópurinn að gera sér glaðan dag og fór út að borða á kóreska veitingastaðnum K-bar. Saga Garðarsdóttir, Jóhannes Haukur Jóhannesson og Ólafur Egill Egilsson voru meðal þeirra sem skemmtu sér vel á staðnum. Hápunktur kvöldsins var þegar **Atli Rafn Sigurðarson**, sem fer með aðalhlutverkið í leikritinu, fékk gefins forláta arabaklút frá meðleikurum sínum en hann á víst ófáa slíka klúta í fórum sínum.



Fékk að sjá Harry og Heimi


Hún datt heldur betur í lukkupottinn, **Eik Haraldsdóttir**, sem valin var Jólástjarna Björgvins árið 2013. Eik býr á Akureyri en á laugardaginn var flogið með hana til Reykjavíkur í myndatöku. Hún mun koma fram með jólagestum Björgvins í Höllinni 14. desember. Eik, sem er aðeins tíu ára, varð svo heldur betur hessa þegar hún fékk einkasýningu á myndina Harry og Heimir sem kemur ekki í kvikmyndahús fyrr en í apríl. Eftir sýninguna var svo flogið með hana aftur til Akureyrar eins og alvöru poppstjörnu.



Mest lesið **vísir**

- 1 Lét stjörnu Króata heyra það í Leifstöð
- 2 Unglingsstúlka deyr eftir að hafa notað túrtappa í fyrsta skipti
- 3 Kovac: Þeir eru allir 190 cm og dattu eins og smábörn
- 4 Flugvél Ícelandair snúið við – hægri hreyfillinn bilaði
- 5 Strákarnir hafa það gott á Saga Class

GRIKKLAND ALLA TÍÐ



Nánar á www.hib.is

HÍÐ ÍSLENSKA BÓKMENNTAFÉLAG



KING KOIL KING SIZE TILBOÐ!

ÓTRÚLEG VERÐ!

50% AFSLÁTTUR!

PALMER KING
 King Size (193x203 cm)
 Fullt verð 319.413 kr.
159.707 kr.

50% AFSLÁTTUR!

SABÍNA KING
 King Size (193x203 cm)
 Fullt verð 278.600 kr.
139.300 kr.

50% AFSLÁTTUR!

DAKOTA KING
 King Size (193x203 cm)
 Fullt verð 234.200 kr.
117.100 kr.

SILVIA HÆGINDASTÓLL

Fullt verð 43.700 kr.
Verð nú 34.960 kr.

FÆST Í SVÖRTU, HVÍTU OG BRÚNU

20% AFSLÁTTUR!

rekkjan

HEILSURÚM